ÚTSALA
Silfurtorg
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími 456 3219
30-50% afsláttur

BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR hf
SINDRAGÖTU 3
☎ 456 4444
Alhliða bifreiðaviðgerðir og hjólbarðaþjónusta
...erum þjónustuaðilar fyrir:
HEKLA · Bílaréttingar Benna · BERNHARD · Ingvar Helgason hf. · brimborg · KRAFTUR

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Fimmtudagur 5. ágúst 2004 · 31. tbl. · 21. árg.

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Skapandi og jarðbundinn nákvæmnismaður

– sjá viðtal við Rúnar Þórisson tónlistarmann og einn stofnenda hljómsveitarinnar Grafík

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP ...góði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Sigmar Ólafsson, framkvæmdastjóri Sæskipa ehf., sem gerir út Jaxlinn

Segir sóknarfæri í strandflutningum

Vestfirðingar verða ekki án strandflutninga þrátt fyrir ákvörðun Eimskipa því flutningaskipið Jaxlinn hefur siglt milli höfuðborgarsvæðisins og hafna á Vestfjörðum frá því í vetur. Aðspurður segist Sigmar Ólafsson, framkvæmdastjóri Sæskipa ehf. sem gera út Jaxlinn, telja að það liggi í hlutarins eðli að flutningar Jaxlsins muni aukast þegar strandsiglingar Eimskips verða lagðar af. Hann segir að ráðist hafi verið í útgerð skipsins vegna þess að menn eygðu sóknarfæri í strandflutningum og viðtökurnar það sem af er lofuðu góðu.

Aðspurður um hvort Sæferðir hefðu í hyggju að auka þjónustuna í kjölfar ákvörðunar Eimskipa segir hann það til athugunar.

„Að sjálfsögðu veltum við fyrir okkur stöðunni og breyttu landslangi“, segir Sigmar og tekur fram að útgerðarmenn Jaxlsins ráðgeri sína framtíð óháð Eimskipum. „Við höfum aldrei litið á rekstur Jaxlsins sem sérstaka samkeppni við Eimskip, okkur fannst Vestfirðir vera markaður sem þyrfti að þjónusta betur og mér sýnist á viðbrögðunum hingað til að það hafi verið rétt mat hjá okkur. En gagnvart Eimskip lít ég

frekar þannig á að um samvinnu en samkeppni sé að ræða enda erum við gjarnan að flytja fisk um í fyrir siglinga Eimskipa.“

Sigmar vildi lítið segja um hvort fyrirtækið hyggi e.t.v á þjónusta við aðra landshluta. „Vestfirðir liggja vel við siglingum og vegalengdir eru langar á landi. Því eigum við gott með að keppa við landflutninga varðandi tíma og kostnað. Það er öðruvísi á öðrum stöðum en sjóflutningar eru framtíðin“, sagði Sigmar sem vildi taka fram að aðstandendur Jaxlsins væru mjög ánægðir með viðtökurnar og viðskiptin við Vestfirðinga það sem af er. – *kristinn@bb.is*

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

KNH átti lægsta boð

Verktakafyrirtækið KNH á Ísafirði átti lægsta boð í gerð fyrirstöðugarðs og landfyllingu við Bíldudalshöfn í tengslum við fyrirhugaða kalkþörungavinnslu þar í bæ. KNH bauðst til að vinna verkið fyrir tæpar 82 milljónir króna, en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 100 milljónir. Næstlægsta boð átti Berglin ehf. í Stykkishólmi, liðlega 85 milljónir. Þá buðust Víðimelsbræður ehf. til að vinna verkið fyrir tæpar 87 milljónir, en hæsta boð átti Fylling ehf. á Hólmavík, rúmlega 100 milljónir.

3X-Stál hf. vill stækka

3X-Stál á Ísafirði hefur sótt um heimild til að byggja um 100 fermetra stálgrindarviðbyggingu við austurhlið húsnæðis fyrirtækisins að Sindragötu 5. Umsóknin var tekin fyrir á fundi umhverfsinefndar Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu. Fært var til bókar að umhverfisnefnd gæti fallist á viðbygginguna en afgreiðslu var frestað og óskað eftir fullnaðar teikningum, eins og segir í fundarbókun.

Aldrei verið betri

Starfsmenn Vegagerðarinnar og fleiri fullyrða að vegurinn yfir Þorskafjarðarheiði hafi ekki verið betri frá því að hann var byggður, en unnið hefur verið að endurbótum í sumar og í fyrra. „Við erum í rauninni að halda áfram þaðan sem frá var horfið í fyrra. Þá var yfirborðið gert þokkalegra á nyrðri hluta vegarins og nú höfum við verið að vinna við miðhluta heiðarinnar. Syðstu 6-8 km eru þó enn eins og þeir hafa alltaf verið“, segir Kristján Kristjánsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði. Framkvæmdum er næstum lokið, en þó er gert ráð fyrir um viku vinnu við frágang á veginum.

Sóttur á Hesteyri

Björgunarbátur fór frá Ísafirði rétt fyrir klukkan 23 á mánudagskvöld til að sækja veikan ferðamann á Hesteyri. Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson kom til Ísafjarðar með konu á sextugsaldri en hún reyndist vera með lungnabólgu.

Ragnheiður Hákonardóttir, formaður hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Hagræðing Eimskipa hlýtur að endurspeglast í flutningsgjöldum

Ragnheiður Hákonardóttir, formaður hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar, segir fyrirsjáanlegt að Ísafjarðarhöfn verði af töluverðum tekjum þegar strandsiglingar Eimskipafélagsins leggjast af í desember. Hún segist skilja sjónarmið Eimskipa en segir það sína skoðun, og margra annarra Vestfirðinga, að vegakerfið þoli ekki stóraukna þungaflutninga.

„Menn vilja bjóða upp á hraðari þjónustu sem hentar fyrir ákveðna vörur. En fyrst þeir ætla að spara á breytingunni þá hljóta þeir að lækka flutningsgjöldin samkvæmt því en eftir stendur aukið álag á vegakerfið, tekjumissir hafnanna og að einhverju leyti minni þjónusta því á vorin búum við oft við þungatakmarkanir á vegunum“, segir Ragnheiður.

Þá segir hún að minni möguleikar á flutningum kunni að setja strik í reikninginn varðandi markaðsetningu Ísafjarðarhafnar t.d. sem löndunarhafnar fyrir rækjuskip. Hún segir ljóst að um miklar breytingar sé að ræða sem hafnarstjórnin muni fjalla um á næstunni. „Við eigum eftir að fara yfir stöðuna eins og hún er nákvæmlega og heyra svo í þessum aðilum“, segir Ragnheiður.

Ragnheiður Hákonardóttir.

Aðspurð um hvort sjónarmið hafnarstjórnarinnar verði lögð fyrir samgönguráðherra segist hún eiga von á því. „Ég geri fastlega ráð fyrir að eftir að við höfum farið yfir málin og borið þau undir bæjarráð að eitthvað í þá áttina verði gert. Það er eðlilegt, enda er ekki eingöngu um að ræða flutninga til og frá Ísafirði heldur frá öllu svæðinu“, sagði Ragnheiður. *– kristinn@bb.is*

Bygging nýs íþróttahúss á Suðureyri

Fyrsta skóflustungan tekin í mánuðinum

Bryndís Birgisdóttir, formaður byggingarnefndar íþróttahúss á Suðureyri, segir stefnt að því að taka fyrstu skóflustunguna um miðjan mánuðinn en í lok vikunnar er ætlunin að leggja fram byggingarnefndarteikningar í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar.

„Markmiðið er að byggingarleyfi verði klárt um miðjan ágúst og stefnt að skóflustungu um svipað leyti en það mun skýrast betur í næstu viku hvenær verður hafist handa. Það er verið að leggja mjög hart að mönnum að taka grunninn áður en skólinn byrjar“, segir Bryndís en íþróttahúsið mun standa á lóð Grunnskólans á Suðureyri og verður sambyggt sundlauginni.

Aðspurð um hvenær sé gert ráð fyrir að húsið verði klárt segir hún erfitt að svara því nákvæmlega til að svo stöddu. „Í útboðsgögnunum var talað um 1. mars en það liggur fyrir að þegar hefur orðið seinkun um að minnsta kosti mánuð en meðal annars vegna sumarleyfa fór þetta hægar í gegnum bæjarkerfið en við vonuðumst til. Á þessari stundu er verið að horfa á apríl eða maí.“, sagði Bryndís.

Verkið var boðið út í alútboði fyrr á árinu og kom í hlut verktakafyrirtækisins Ágústar og Flosa ehf. á Ísafirði.

– kristinn@bb.is

Öldudufl lagt út við Straumnes

Öldudufl hefur verið lagt út á ný vestur af Straumnesi. Duflið er ætlað til upplýsingaöflunar um veður og sjólag og er eins og áður staðsett 5,5 sjómílur frá Straumnesvita eða á 66° 26.30 norður og 23° 22.00 vestur.

Á síðustu 12 mánuðum hafa tvö öldudufl slitnað upp við Straumnes og eru tilmæli Siglingastofnunar að sjómenn komi ekki nær duflinu með veiðarfæri sín en eina sjómílu. „Ástæðan er sú að hluti legufæra duflanna er gúmmítaug sem er mjög viðkvæm fyrir hnjaski“, segir Baldur Bjartmarsson, forstöðumaður rekstrarsviðs hjá Siglingastofnun.

„Nýlega fór fram netkönnun hjá Siglingastofnun á notkun upplýsingakerfisins um veður og sjólag og þar kemur meðal annars fram að sjómenn nýta sér upplýsingar frá öldduduflum í ríkum mæli“, eins og segir í tilkynningu frá Siglingastofnun.

Upplýsingar frá duflinu má nálgast í þjónustusíma um veður og sjólag 902 1000 eða á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands www.sigling.is.

– thelma@bb.is

Lagnavinna er þegar hafin á Ásgeirsbakka.

Endurbygging Ásgeirsbakka á Ísafirði

Ásel ehf. sér um framkvæmdirnar

Verktakafyrirtækið Ásel ehf. hefur hafist handa við nýjan áfanga endurbyggingar Ásgeirsbakka í Ísafjarðarhöfn. Í verkinu felst meðal annars lagna- og steypuvinna á bakkanum. Verksamningur við fyrirtækið var undirritaður í síðustu viku og er vinna við vatns- og rafmagnslagnir þegar hafin. Aðspurður segir Elías Skaftason hjá Ásel að steypuvinna muni að líkindum hefjast í þriðju viku þessa mánaðar.

– halfdan@bb.is

Stöðvarhús Tunguárvirkjunar í Skutulsfirði

Deiliskipulag lagt fram

Frumdrög að deiliskipulagi fyrir stöðvarhús vegna Tunguárvirkjunar í Skutulsfirði, sem fyrirhugað er að Orkubú Vestfjarða byggi, voru lögð fram á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skemmstu.

„Við höfum verið að vinna að skipulagi virkjunarinnar en búumst ekki við að framkvæmdir fari í gang fyrr en á næsta ári“, segir Kristján Haraldsson Orkubússtjóri. Markmið virkjunarinnar er að auka hlut Orkubúsins í framleiðslu fyrir Vestfirði en talsverð raforka er flutt inn í fjórðunginn. Fyrirhugað er að byggja 100 fermetra stöðvarhús í botni Tungudals sunnan Tunguár.

Til viðræðna við nefndina mætti Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt, sem hefur tekið til starfa hjá Tækniþjónustu Vestfjarða hf. á Ísafirði og mun vinna að skipulagsmálum fyrir fyrirtækið.

– thelma@bb.is

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði þar sem Skattstofa Vestfjarða er til húsa.

Greiðendur hæstu gjalda í umdæmi Skattstjórans á Vestfjörðum

Leif Halldórsson er skatta-kóngur Vestfjarða árið 2004

Leif Halldórsson, útgerðarmaður á Patreksfirði greiðir hæstu gjöld einstaklinga í umdæmi Skattstjórans á Vestfjörðum, tæpar 9,5 milljónir króna. Rétt á eftir kemur Jón Björgvin G. Jónsson, læknir á Patreksfirði með tæpa 9,1 milljón króna og í þriðja sæti er Bigir Ingólfsson á Patreksfirði með tæpar sjö milljónir króna í heildargjöld. Þá kemur Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir á Ísafirði með tæpar 5,8 milljónir, þá Ólafur Sigmundsson læknir á Ísafirði með tæpar 5,6 milljónir og í sjötta sæti er Íris Sveinsdóttir læknir í Bolungarvík með nær 5,2 milljónir króna í gjöld.

Ef litið er til tekjuskatts, fjármagnstekjuskatts og sérstaks eignaskatts er listi hæstu greiðenda mjög áþekkur en þar trónir Leif Halldórsson á toppnum með 9,1 milljón, næstur kemur Jón Björgvin G. Jónsson með 6,2 milljónir og í þriðja sæti er Birgir Ingólfsson með 4,6 milljónir króna. Jón Björgvin greiðir hæsta útsvar í umdæminu, tæpar 2,9 milljónir króna, þá kemur Birgir Ingólfsson með tæpar 2,3 milljónir og í þriðja sæti er Ólafur Sigmundsson með tæpar 2 milljónir króna.

Þórður Júlíusson, fyrrv. útgerðarmaður á Ísafirði greiðir lang hæstan eignarskatt einstaklinga á Vestfjörðum, tæpar 1,4 milljónir króna. Þá koma hjónin Ásgeir Guðbjartsson, skipstjóri á Ísafirði og eiginkona hans Sigríður Brynjólfsdóttir með rúmlega 402 þúsund krónur hvort, næst koma hjónin Marijke Cécile Paul Colruyt á Ísafirði með 297 þúsund og Rafn Pálsson með 267 þúsund krónur.

– bb@bb.is

Greiðendur hæstu gjalda á Vestfjörðum

Heildargjöld:

1.	Leif Halldórsson, Patreksfirði	kr. 9.446.313.-
2.	Jón B.G. Jónsson, Patreksfirði	kr. 9.094.072.-
3.	Birgir Ingólfsson, Patreksfirði	kr. 6.982.610.-
4.	Þorsteinn Jóhannesson, Ísafirði	kr. 5.783.252.-
5.	Ólafur Sigmundsson, Ísafirði	kr. 5.575.553.-
6.	Íris Sveinsdóttir, Bolungarvík	kr. 5.163.991.-
7.	Páll Hreinn Pálsson, Ísafirði	kr. 5.151.922.-
8.	Ásbjörn Sveinsson, Ísafirði	kr. 4.820.391.-
9.	Andri Konráðsson, Ísafirði	kr. 4.631.069.-
10.	Guðni A. Einarsson, Suðureyri	kr. 4.598.104.-

Tekjusk., fjármagnstekjusk. og sérstakur tekjusk.:

1.	Leif Halldórsson, Patreksfirði	kr. 9.100.847.-
2.	Jón B.G. Jónsson, Patreksfirði	kr. 6.208.987.-
3.	Birgir Ingólfsson, Patreksfirði	kr. 4.660.297.-
4.	Ásbjörn Sveinsson, Ísafirði	kr. 4.209.636.-
5.	Páll Hreinn Pálsson, Ísafirði	kr. 4.088.372.-

Útsvar:

1.	Jón B.G. Jónsson, Patreksfirði	kr. 2.879.109.-
2.	Birgir Ingólfsson, Patreksfirði	kr. 2.266.415.-
3.	Ólafur Sigmundsson, Ísafirði	kr. 1.970.965.-
4.	Þorsteinn Jóhannesson, Ísafirði	kr. 1.872.946.-
5.	Íris Sveinsdóttir, Bolungarvík	kr. 1.667.675.-

Eignarskattur:

1.	Þórður Júlíusson, Ísafirði	kr. 1.374.313.-
2.	Ásgeir Guðbjartsson, Ísafirði	kr. 402.781.-
3.	Sigríður Brynjólfsdóttir, Ísafirði	kr. 402.781.-
4.	Marijke C. P. Colruyt, Ísafirði	kr. 297.752.-
5.	Rafn Pálsson, Ísafirði	kr. 268.996.-

Eimskip hf. ætlra að auka landflutninga og nota sérhæfða sjóflutninga

Strandsiglingum hætt 1. desember

Eimskip dótturfélag Burðaráss hættir strandsiglingum frá og með 1. desember en skip þess Mánafoss hefur sinnt flutningum um ellefu hafnir víðsvegar um landið, m.a. um Ísafjarðarhöfn. Í tilkynningu frá félaginu segir að strandsiglingar hafi dregist verulega saman á undanförnum árum með aukinni tíðni landflutninga. Þá kemur fram að kísilgúrframleiðslu á Mývatni verði hætt í lok ársins og við það minnki magn strandflutninga um 20%. Með breytingum á innanlandsflutningakerfinu hyggst Eimskip ná fram hagræðingu um allt að 400 milljónir króna á ársgrundvelli.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskipa, segir ætlunina að auka landflutninga fyrirtækisins og beita sérhæfðum lausnum í sjóflutningum til að fylla það skarð sem myndast þegar strandsiglingar félagsins verða lagðar af 1. desember. „Fyrst og fremst horfum við til landflutninganna og ætlum að efla Flytjandakerfið. Síðan hugsum við okkur að styðja við þetta með sérhæfðum lausnum eins og frystiskipum og þegar um mjög stóran farm er að ræða munum við leita hagkvæmustu leiða hverju sinni, t.d. að senda skip“, segir Baldur.

Lestað úr Mánafossi við Sundahöfn á Ísafirði.

Undanfarin misseri hafa frystiskip sem hafa lestað sjávarafurðir og losað iðnaðarrækju fyrir sjávarútvegsfyrirtækin verið tíðir gestir á Vestfjörðum. Mörg þessara skipa hafa verið leiguskip á vegum Eimskipa m.a. Florinda og Ludvig Andersen.

Aðspurður um tilurð þess að strandsiglingarnar eru lagðar niður segir Baldur um langvarandi þróun að ræða. „Landflutningarnir hafa verið að sækja á vegna þess að það er eftirspurn eftir meiri hraða og tíðni bæði gagnvart innflutningi og útflutningi, og sú þróun mun halda áfram. Menn eru að framleiða meira af ferskum afurðum sem þurfa komast sem fyrst í útflutning og innflytjendur gera kröfu um síaukin hraða. Með breytingunum erum við að svara þessum þörfum.

Mánafoss siglir á ellefu staði víðsvegar um landið og því má ætla að aflögn strandsiglinganna hafi áhrif á fjölda fólks. Aðspurður segist Baldur hafa fengið viðbrögð frá þeim stöðum sem njóta strandsiglinganna í dag. „Við kynntum þetta fyrir samgönguráðherra og formanni samgöngunefndar Alþingis en síðan erum við að senda bréf til allra bæjar- og sveitarstjórna og hafnarstjóra sem eiga hlut að máli þar sem við munum kynna málið. Síðan munum við heimsækja þá og fara yfir stöðuna. Við erum að efla og styrkja okkur þjónustu við þessa staði en erum að breyta henni með því að leggja áherslu á aukinn hraða“, sagði Baldur.

– kristinn@bb.is



Smíðar veiðihjól úr flugvélaáli

Veiðidellan getur verið tímafrek og dregið menn út í alls kyns ævintýri. Þetta ættu fáir að vita betur en rennismiðurinn og fiskeldisfræðingurinn Steingrímur Einarsson. Sá hefur farið í gegnum margt veiðihjólið í gegnum tíðina og hefur lengi dreymt um að smíða sitt eigið. Nýverið lét hann drauminn rætast í samstarfi við þá Jón Kornelíus Gíslason og Harald Hákonarson, en einnig komu að málinu Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Impra og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sem veittu Steingrími hjálp, bæði í formi styrkja og faglegrar aðstoðar.

Einn eigenda Rennex

Steingrímur flutti til Vestfjarða fyrir um 18 árum síðan og hefur starfað víða. „Framan af vann ég sem rennismiður í Bolungarvík og á Ísafirði auk þess sem ég var til sjós. Síðan lá leiðin í fiskeldisfræði árið 1998. Að námi loknu hélt ég aftur vestur, en lítið var að gera í fiskeldinu svo ég fór að vinna hjá 3X-Stáli.

Fyrirtækið stækkaði hratt á þessum tíma og verkefnin urðu fljótlega það mörg að menn töldu borga sig að skilja renniverkstæðið frá rekstrinum og stofna sér einingu um það. Fyrirtækið fékk nafnið Rennex og er starfrækt sjálfstætt.“

Steingrímur er einn af eigendum fyrirtækisins, en hinir eru 3X-Stál og Byggðastofnun.

Gamall draumur að smíða eigið hjól

Lengi hefur Steingrímur verið þjakaður af veiðidellunni og veiðir bæði silung og lax. Hann hefur reynslu af alls kyns veiðihjólum, en hvað fannst honum vanta upp á? Hvers vegna ákvað hann að smíða sitt eigið hjól?

„Í upphafi var það eiginlega bara til þess að geta veitt með hjóli sem ég hannaði og smíðaði sjálfur. Það hefur lengi verið draumur minn og þegar Rennex varð að veruleika gat ég látið verða af þessu þar sem fyrirtækið er mjög vel tækjum búið til framleiðslu af þessu tagi.“

Hjól úr flugvélaáli og koltrefjaefnum

Hvernig er hjól Steingríms frábrugðið öðrum hjólum á markaðnum?

„Hver er munurinn á Benz og BMW? Í sjálfu sér erum við að byggja á þekktri tækni. Við erum ekki að koma fram með neinar byltingakenndar hugmyndir, enda hafa ekki orðið neinar byltingar í smíði veiðihjóla síðastliðin fimmtán ár eða svo. Hugmyndin var þó alltaf að skapa ákveðna sérstöðu því að hjólið er íslenskt, en Ísland er Mekka laxveiðimanna um allan heim.



Það sem skiptir mestu er að smíðin sé vönduð. Bremsubúnaðurinn þarf að vera traustur og geta haldið í við stóra fiska. Hjólið þarf að vera létt og einfalt en fallegt.

Hjólið er smíðað úr flugvélaáli og bremsubúnaðurinn er að hluta til úr koltrefjaefnum, þeim sömu og notuð eru í bremsubúnað Formula-1 bíla. Efnin hafa góða eiginleika sem breytast ekki þó þau hitni eða blotni.

Stoðtækjafyrirtækið Össur hf. hefur komið að þróun hjólsins, en þar á bæ eru menn vanir að smíða úr koltrefjaefnum. Þeir smíðuðu fyrir okkur bremsuborðana í hjólið.“

Og vart þarf að spyrja að því hvort tækið virki eða ekki.

„Jú, jú. Þetta svínvirkar. Ég er búinn að fá 11 fiska á hjólið í sumar og allt í allt er líklega búið að veiða yfir 50 fiska á það.“

Vonast til að ná fyrir þróunarkostnaði

Þó að ástæðan fyrir hjólasmíðinni sé ekki síst brennandi áhugi Steingríms á málinu, tekur hann smíðina mjög alvarlega og vinnur að þróun hjólsins af mikilli fagmennsku.

„Aðallega er þetta náttúrlega della í mér, Jóni Kornelíusi og þeim Jóhanni Jónassyni og Alberti Högnasyni hjá 3X-Stáli, en þetta eru allt miklir veiðimenn. Síðan hefur þetta bara fengið það góðar undirtektir og vakið það mikla athygli að hugmyndin er líkleg til að vinda upp á sig og við vonumst til að ná inn fyrir þróunarkostnaðinum með sölu á hjólinu innanlands.“

Hjólin í prófun á Íslandi og víðar

Fjöldi veiðimanna hefur fengið eintak af hjólinu til reynslu í sumar.

„Þetta hjól er bara frumútgáfa. Vanir veiðimenn, um það bil 20-25 manns, taka þátt í þróuninni með því að nota hjólin í sumar. Að vertíð lokinni senda þeir hjólin til baka með ábendingum og athugasemdum, hvað er gott og hvað má laga. Þetta tek ég síðan allt með í reikninginn við lokafrágangin á hjólinu.

Flest hjólin verða í notkun á Íslandi í sumar, en eitt eða tvö fara til Rússlands, annað til Noregs og enn eitt til Svíþjóðar.“

Ísland hentar vel til þróunar á veiðigræjum

„Ég geri ráð fyrir því að hjólin fari á markað næsta sumar. Við tökum bara eitt skref í einu og byrjum á að selja þau innanlands. Ef vel tekst til gæti svo farið að hjólin fari í sölu í útlöndum. Markaðurinn er alveg gríðarlega stór. Í Bandaríkjunum eru til að mynda seld hjól fyrir um sex milljarða króna á ári.

Ég hef lengi viljað meina að ef það er eitthvað land sem hentar vel til að hanna og þróa veiðigræjur, þá er það Ísland. Hér eru yfir 100 laxveiðiár og líklega eitthvað milli 2-300 ár og vötn, eða jafnvel meira, þar sem er silungsveiði. Danir hafa lengi selt veiðigræjur, þó að nánast engin laxveiði sé í landinu. Og hvers vegna ættum við Íslendingar ekki að geta látið að okkur kveða í þessum efnum?“

– halfdan@bb.is

Heimastjórnarhátíð alþýðunnar haldin á Ísafirði 21. ágúst

Forseti Íslands heiðrar hátíðina með nærveru sinni

Hátíð í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar á Íslandi verður haldin á Ísafirði laugardaginn 21. ágúst. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff forsetafrú verða viðstödd hátíðarhöldin. „Allir eru hjartanlega velkomnir en engum er sérstaklega boðið nema forsetahjónunum. Fyrri hluti hátíðarhaldanna verður helgaður yngstu kynslóðinni og munu íþróttakeppnir fara fram í nágrannabæjum Ísafjarðar, allt frá Bolungarvík til Þingeyrar. Við höfum ákveðið að kalla þetta heimastjórnarleikana 2004“, segir Jón Fanndal Þórðarson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

„Hátíðardagskráin mun síðan hefjast á Silfurtorgi klukkan átta um kvöldið. Nánari dagskrá verður kynnt síðar, en auk ræðu forsetans verður lögð áhersla á menningu og verður mikið um tónlist og önnur skemmtiatriði. Þá munum við ljósaskreyta bæinn eins mikið og kostur er. Hátíðinni verður síðan slitið um miðnætti með skemmtilegri uppákomu sem ég vil ekki greina frá á þessari stundu“, segir Jón Fanndal.

„Þó að meginmarkmið þessarar hátíðar sé að fagna áfanga í sjálfstæðisbaráttunni viljum við einnig gera hana að menningarhátíð með þátttöku sem flestra. Undirbúningur hátíðarinnar hefur gengið mjög vel og munu aðilar úr flestum ef ekki öllum nágrannabæjum Ísafjarðar leggja hátíðinni lið á einhvern hátt. Skipuleggjendur hátíðarinnar og þau sem mest hefur mætt á við undirbúninginn eru þau Sigurður Pétursson, Ólafur B. Halldórsson og Soffía Vagnsdóttir. Þá verður Ólína Þorvarðardóttir, kynnir á hátíðinni“, segir Jón Fanndal. *– halfdan@bb.is*

Olíuverslun Íslands hf. hefur hafið sölu á olíu til smábáta í Bolungarvík

Útlit fyrir harða samkeppni

Olíuverslun Íslands hf. hefur hafið sölu á olíu til smábáta í Bolungarvík þar sem Skeljungur hefur lengi vel verið eini söluaðili eldsneytis. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur Einar Guðmundsson, svæðisstjóri hjá Skeljungi í Bolungarvík, verið ráðinn sölumaður hjá Olís. Gert hefur verið tilboð í húsnæði við höfnina í Bolungarvík sem hýsa á starfsemina. Þrátt fyrir þessa innreið Olís er ekki útlit fyrir að Skeljungur hætti starfsemi í bænum og verða þá að líkindum tvö félög á markaðnum. Vonast smábátasjómenn eftir harðri samkeppni og lækkun á olíuverði, en fjöldi heima- og aðkomubáta leggja upp í Bolungarvík.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist hvorki í Einar Benediktsson, forstjóra Olís, né aðstoðarmann hans vegna málsins. *– halfdan@bb.is*

Bátar í höfn í Bolungarvík.

Landsleikur

Sigurður og Þórir keppa í Englandi

Sigurður Þorsteinsson og Þórir Guðmundsson, leikmenn KFÍ, hafa verið valdir til að leika með drengjalandsliðinu í körfubolta í Evrópukeppninni sem hefst í Englandi á morgun, 6. ágúst.

Samkvæmt upplýsingum frá Körfuknattleikssambandi Íslands er þetta eitt stærsta mótið sem drengjalandsliðið hefur tekið þátt í en leiknir verða 9 leikir á 10 dögum. Þeir Sigurður og Þórir hömpuðu Norðurlandameistaratitli með drengjalandsliðinu í vor og því ljóst strákarnir verða undir töluverðri pressu úti í Englandi.

Einingahúsaverksmiðja Ágústs og Flosa ehf., á Ísafirði

Fyrstu einingahúsin farin suður

Fyrstu húseiningunum frá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa ehf. á Ísafirði var skipað um borð í flutningaskipið Jaxlinn í síðustu viku og verða þær reistar við Lækjarvað í hinu nýja íbúðahverfi Norðlingaholti í Reykjavík. Eins og kunnugt er hyggst fyrirtækið byggja á þriðja tug íbúða í raðhúsum við Lækjarvað.

„Þetta voru gólf og þök í tvö hús en síðan sendum við útveggina með næstu ferð“, segir Björgmundur Örn Guðmundsson, byggingartæknifræðingur og einn eigenda Ágústar og Flosa.

Hann segir allt klárt til að byrja að reisa húsin og að jafnvel verði hafist handa á þriðjudag eftir verslunarmannahelgi en mannskapurinn er á leið í starfsmannaferð til Króatíu og því verði að ráðast hvort tími gefist til framkvæmdanna.

Björgmundur segir ætlunina að reisa tvö hús til að byrja með og fullgera annað þeirra. „Við gælum við að hafa eitt sýningarhús tilbúið í september. Það virðist vera reynslan á bygginarmarkaðinum á höfuðborgarsvæðinu að þegar fyrsta íbúðin er komin þá er hægt að ganga frá sölunni á þeim sem eftir eru“, segir Björgmundur.

Einingahúsaverksmiðja fyrirtækisins tók til starfa um síðustu áramót og hafa einingarnar þegar verið reyndar við byggingu fjölbýlishúss við Wardstún á Ísafirði. Nú er hafin framleiðsla á sumarbústöðum úr einingum. „Við erum að klára að reisa fyrsta bústaðinn í Þernuvík í Ísafjarðardjúpi. Það hefur komið mikið af fyrirspurnum og vonandi náum við að selja nokkra bústaði núna í haust“.

Aðspurður um verkefni fyrir verksmiðjuna í vetur segir hann verkefnastöðuna lofa góðu en þeir geti þó enn bætt við sig. „Það er ekki unnið á fullum afköstum ennþá“, sagði Björgmundur.

– kristinn@bb.is

Raðhúsin sem Ágúst og Flosi byggja í Reykjavík.

Aðlögun ehf., á Ísafirði hefur enn ekki hafið framleiðslu á beitu

„Snýst allt um peninga og hráefni“

Óvíst er hvenær fyrirtækið Aðlögun ehf. getur hafið beituvinnslu, en eins og sagt hefur verið frá festi fyrirtækið nýverið kaup á húseigninni Sundstræti 45 á Ísafirði sem áður tilheyrði Hraðfrystihúsinu Norðurtanga.

„Þetta er allt í fjárhagslegri meðhöndlun“, segir Sveinbjörn Jónsson, annar eigenda fyrirtækisins. „KPMG endurskoðun er að fara í gegnum hlutina og kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni. Það var aldrei búið að klára fjármögnun og við lentum í peninga- og hráefnisskorti í vor.“

„Það þarf bara að leysa þessi mál og vonandi verður það gert fljótlega. Þetta snýst að sjálfsögðu ekki um neitt annað en peninga og hráefni“, segir Sveinbjörn.

ritstjórnargrein

Mjór er mikils vísir

Í kjölfar þeirra gífurlegu breytinga sem orðið hafa í atvinnuháttum á landsbyggðinni, eftir að sveitarfélög undir samheitinu sjávarpláss voru svift aldagömlum rétti til nýtingar helstu auðlindar þjóðarinnar og stjórnvöld skiptu henni upp á milli tiltölulega fárra, útvaldra þegna hennar, er þessum byggðarlögum ekkert dýrmætara en nýir sprotar sem ætla má að geti dafnað sem hluti nýrra atvinnuhátta, sem verið er að leitast við að byggja upp og efla að fjölbreytni og þrótti í stað hinna hefðbundu, sem áður báru sveitarfélögin uppi.

Í blaðinu í dag er fjallað um nýja framleiðsluvöru á Íslandi, stangveiðihjól, sem rennismiðurinn og fiskeldisfræðingurinn Steingrímur Einarsson, hannaði og framleiddi í samvinnu við þá félaga Jóhann Jónasson og Albert Högnason hjá 3X-Stáli. Á þriðja tug hjóla þessarar gerðar hafa þegar verið framleidd og hafa þau verið til reynslu hjá veiðimönnum í sumar, hérlendis og víðar og hyggst Steingrímur nýta sér reynslu þessara manna og ábendingar við endanlega gerð veiðihjólsins. Sjálfur hefur hann notað hjólið við veiðar í sumar og það gefið góða raun og ellefu laxa!

Veiðihjólin sem á markaðnum eru þekkja flestir sem eitthvað hafa komið nærri lax- og silungsveiði. Öll eru þau erlendis frá. Segir það meira en mörg orð um það áræði sem í því felst að ætla sér að komast inn á þennan markað. BB er ekki kunngt um að veiðihjól fyrir stangveiði hafi áður verið framleidd hérlendis. Okkar menn virðast þó hvergi bangnir. Hjólinu er ætlað að koma á markað innanlands strax á næsta sumri. Hvort um frekari útfærslu markaðar verður að ræða ræðst væntanlega að einhverju leyti af því hvaða viðtökur hjólið fær hjá íslenskum veiðimönnum.

Fyrirtækið 3X-Stál, sem um langt árabil hefur starfað af miklum þrótti og náð að festa rætur á hörðum samkeppnismarkaði, innan lands sem utan, hefur nýverið sótt um lóð til stækkunar á húsakynnum sínum við Sindragötu á Ísafirði. Er það ánægjuefni. Vonandi bregðast bæjaryfirvöld fljótt og vel við málaleitan fyrirtækisins.

Mjór er mikils vísir. Hvort veiðihjól Steingríms Einarssonar kemur til með að falla að þessu gamla og góða máltæki munu komandi tímar skera úr um. Hvað sem því líður er afar mikilvægt að hlúð sé að öllum þeim sprotum sem kunna að skjóta rótum í atvinnulífi okkar Vestfirðinga. Það ber sveitarstjórnum hér vestra að hafa ofar öðru í huga.

s.h.

orðrétt af netinu

Fjölmenningarlegt samfélag

„Fyrir hundrað árum streymdi fólk frá Íslandi til Bandaríkjanna og Kanada í leit að betra lífi. Nú byggir ein af fimm ríkustu þjóðum heims þetta sama Ísland og það á ekki að þurfa að spyrja hvort menn vilji taka við fólki erlendis frá. Það er einfaldlega skylda okkar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ekki eru allir par hrifnir af innflytjendum hér á landi. Víxlverkun fordóma og einangrunar er uppskrift að ömurlegum vandræðum í hvaða samfélagi sem er. Og þess vegna eigum við að leggja ríka áherslu á gagnkvæma virðingu og viðurkenningu allra hópa eftir hvaða línum sem fólk vill skipta íbúum landsins hverju sinni. Fjölmenningarlegt umhverfi hefur reynst farsælasta leiðin til friðsamlegrar sambúðar.“

murinn.is – Steinþór Hreiðarsson

Útgefandi: H-prent ehf., Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, *kristinn@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132, *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Auglýsingar**: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, *denni@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Dóra Hlín Gísladóttir, framkvæmdastjóri Agar.

Rannsóknarstofan Agar ehf., á Ísafirði

Starfsemin komin á skrið

Starfsemi Agar ehf á Ísafirði, sem var stofnað í kjölfar þess að Rannsókarstofnun fiskiðnaðarins lagði niður þjónustumælingar við sjávarútvegsfyrirtæki,er komin á fullan skrið, að sögn Dóru Hlínar Gísladóttur, sem tók við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins um miðjan júnímánuð. Eins og fram kom í fréttum í vetur voru þjónustumælingar RF aflagðar víða um land í vetur , m.a. á Ísafirði og starfsfólki sagt upp.

Agar er í eigu þriggja sjávarútvegsfyrirtækja á norðanverðum Vestfjörðum, Hraðfrystihússins – Gunnvarar í Hnífsdal, Miðfells á Ísafirði og Bakkavíkur í Bolungarvík.

„Þessir aðilar vildu frekar stofna eigið fyrirtæki til að hafa þjónustuna innan seilingar en að senda sýnin til rannsóknar annars staðar á landinu“, segir Dóra Hlín.

Hún segir Agar heldur ekki ætlað að einskorða sig við núverandi mælingar sem séu aðallega fyrir rækjuverksmiðjurnar á svæðinu og sushiverksmiðju Sindrabergs heldur muni það leita eftir auknum verkefnum og þjónusta fleiri aðila með tímanum. Um faggilt rannsóknarfyrirtæki er að ræða og segir Dóra Hlín að það geti t.d. sinnt ýmsum rannsóknum á sviði hollustuverndar.

Fyrirtæki starfar í Þróunarsetri Vestfjarða og leigir húsbúnað og tæki frá RF. Starfsmenn þess eru tveir en auk Dóru Hlínar starfa Halldóra Jóhannsdóttir á rannsóknarstofunni, en hún var áður starfsmaður RF.

Dóra Hlín segist hlakka til að takast á við starfið en hún er nýkomin úr námi í efnaverkfræði við Háskóla Íslands og University of California, Santa Barbara. Dóra Hlín er ekki ókunnug starfsvettvanginum en samhliða háskólanámi starfaði hún m.a. hjá útibúi Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði. Áður lauk hún stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði, dux scholae, árið 2000.

– kristinn@bb.is

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar

Skúli ráðinn forstöðumaður

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ákvað á fimmtudag að ráða Skúla S. Ólafsson, guðfræðing á Ísafirði, í starf forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar til eins árs meðan Ingibjörg María Guðmundsdóttir, núverandi forstöðumaður, er í leyfi.

Skúli S. Ólafsson.

Ágreiningur var um ráðninguna í bæjarráði og var bæjarstjórn því kölluð saman úr sumarfríi en að sögn Þorleifs Pálssonar, bæjarritara, þótti mikilvægt að fá niðurstöðu í málið sem fyrst þar sem Ingibjörg lætur af störfum um næstu mánaðamót og því skammur tími fyrir hendi til að setja nýjan mann inn í starfið.

Meirihlutinn bar upp tillögu um að ráða Skúla en fulltrúar Samfylkingarinnar, þau Lárus Valdimarsson og Bryndís Friðgeirsdóttir, vildu ráða Pál Leó Jónsson, skólastjóra á Selfossi, og lögðu fram bókun þess efnis. „Fyrir liggur mat á umsóknum þar sem tveir umsækjendur eru taldir hæfastir til að gegna stöðu umrædds yfirmanns, þeir Skúli S. Ólafsson og Páll Leó Jónsson. Við teljum að það beri að líta til þess að Páll hefur mun meiri reynslu og þekkingu af stjórnunarstörfum á sveitarstjórnarstigi og þar sem slík þekking og reynsla er gerð að skilyrði í starfsauglýsingu þá ráði það úrslitum í vali milli tveggja hæfra umsækjenda“, eins og segir í bókun Lárus og Bryndísar.

Eftir umræður var gengið til atkvæðagreiðslu og var tillaga meirihlutans samþykkt með atkvæðum sjö af níu bæjarfulltrúa. Í kjölfar þess lögðu fulltrúar Samfylkingar fram svohljóðandi bókun: „Nú liggur fyrir sú ákvörðun að ráða Skúla S. Ólafsson í stöðu yfirmanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu. Við viljum því nota tækifærið og senda honum árnaðaróskir af því tilefni og óskum honum jafnframt velfarnaðar í nýju starfi. Þrátt fyrir ágreining þann sem verið hefur um þessa ráðningu innan bæjarstjórnar þá viljum við taka sérstaklega fram að sá ágreiningur er eingöngu faglegur af okkar hálfu og snertir í engu persónur þeirra tveggja einstaklinga sem í hlut eiga. Við munum styðja nýráðinn yfirmann til allra góðra verka í sínu starfi og vonumst eftir góðu samstarfi við hann í þeim viðamikla málaflokki sem starfinu fylgir.“

– kristinn@bb.is

Allar íbúðirnar í fjölbýlishúsinu á Wardstúni seldar

Annað fjölbýlishús í bígerð

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði gekk frá samningum við kaupendur að tveimur íbúðum í nýju fjölbýlishúsi á Wardstúni á Ísafirði í síðustu viku og eru þar með allar íbúðirnar átta í húsinu seldar. Fyrirtækið á byggingarrétt að öðru húsi á Wardstúni og segir Björgmundur Örn Guðmundsson, byggingartæknifræðingur og einn eigenda fyrirtækisins, að í ljósi viðbragða markaðarins sé til skoðunar að halda áfram uppbyggingu á lóðinni.

„Þetta er draumastaða, við auglýstum í BB og íbúðirnar voru nánast farnar þegar blaðið kom úr prentun“, segir Björgmundur. Framkvæmdir við húsið hófust í fyrra haust en það er byggt úr einingum sem framleiddar eru í húseiningaverksmiðju Ágústar og Flosa á Ísafirði. „Framkvæmdirnar voru komnar á þann punkt að fólk var farið að sjá hvernig þetta leit út en það kom okkur á óvart hvað íbúðirnar fóru fljótt.“

Björgmundur segir að þannig virðist eftirspurnin hafa verið meiri en framboðið og

Fjölbýlishúsið á Wardstúni.

því sé verið að skoða áframhaldandi uppbyggingu á Ísafirði.

„Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir að það megi byggja annað og stærra hús á lóðinni, sem gæti jafnvel talið tíu íbúðir. Okkur finnst það e.t.v. full stór biti svo við erum að kanna þann möguleika að byggja tvö minni hús í svipuðum stíl sem hefðu fjórar íbúðir hvert. Það minnkar áhættuna“, segir Björgmundur.

Af átta íbúðum í fjölbýlishúsinu voru fjórar seldar á almennum markaði og yfirvöld málefna fatlaðra keyptu fjórar íbúðir til að leysa af hólmi sambýlið Bræðratungu í Tungudal. Björgmundur segir ætlunina að afhenda síðustu íbúðirnar í desember.

Aðspurður um söluverð íbúðanna segir Björgmundur þær hafa farið fyrir uppsett verð og því virðist markaðurinn fyllilega standa undir að borga nýbyggingarverð. Fullbúnar voru stærri íbúðirnar, sem eru 150 fermetrar, seldar á 16,9 milljónir en þær minni, sem eru 130 fermetrar, á 13,9 milljónir. Tvær íbúðanna voru seldar fullbúnar en tvær tilbúnar fyrir innréttingar.

Gerð sparkvallar á Þingeyri

Aukafjárveitingu þarf til

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að koma með tillögur að fjármögnun sparkvallagerðar á Þingeyri, en áætlað er að kostnaður sveitarfélagsins vegna þessa verði um 4,8 milljónir.

Eins og greint hefur verið frá hyggst Knattspyrnusamband Íslands útvega gervigras á völlinn sem er liður í sparkvallaátaki sambandsins, en Ísafjarðarbær þarf að standa straum af öðrum kostnaði. Málið kom upp eftir gerð fjárhagsáætlunar bæjarins og því þarf aukafjárveitingu í framkvæmdina eigi hún að verða að veruleika.

„Í fyrstu drögum að samningi (við KSÍ. innskot: BB) var gert ráð fyrir að svæðið yrði tilbúið til útlagningar gervigrass þann 3. ágúst næstkomandi og að vígsla vallarins færi fram eigi síðar en 15. september. Fyrirsjáanlegt er að þessar tímasetningar standast varla, einkum 3. ágúst“, segir í minnisblaði bæjarritara til bæjarráðs vegna málsins. – *halfdan@bb.is*

Varnargarðurinn við Seljalandsmúla.

Sjö þúsund trjáplöntur gróðursettar

Áætlað er að um 7000 trjám verði plantað í og við snjóflóðavarnargarðinn við Seljalandsmúla í Skutulsfirði. Verið er að undirbúa uppgræðsluna og er áætlað að hún hefjist í þessari viku, að sögn Sævars Óla Hjörvarssonar, hjá verktakafyrirtækinu K.N.H. „Við eru að slétta garðinn með moldarlagi og í þessari viku getur sáning grass og plöntun trjáa hafist. Garðurinn ætti að líta ágætlega út næsta sumar og falla betur inn í umhverfið“, segir Sævar og bætir við að einnig sé í bígerð að leggja göngustíg að leiðigarðinum.

– thelma@bb.is

Sýningarsalurinn Slunkaríki á Ísafirði

Kjartan sýnir sjö verk

Málverkasýning Kjartans Guðjónssonar verður opnuð almenningi í Slunkaríki nk. laugardag kl. 16. Þar sýnir listamaðurinn sjö málverk, ýmist abstrakt eða natúralísk.

„Gefst fólki tækifæri til að sjá hve létt hann fer með að skella sér á milli þessara stefna og jafnvel tilrauna til að tvinna þær að einhverju leyti saman en það gera fáir betur en Kjartan“, segir Pétur Guðmundsson, einn aðstandenda Slunkaríkis.

Sýningin kemur í kjölfar sýningar Kjartans í Ljósafossstöð Landsvirkjunar, sem er ein margra sýninga á vegum Landsvirkjunar vegna 100 ára afmælis rafvæðingar á Íslandi.

„Og er vel við hæfi að hafa Kjartan með því oft hefur kjaftur hans verið rafmagnaður þegar hann hefur opnað hann til að tjá sig um listabrölt samtímans“, eins og Pétur kemst að orði.

Kjartan sem er fæddur árið 1921 er landskunnur listamaður. Hann stundaði nám við Art Institute of Chicago og var hluti af hinum þekkta Septemberhóp sem sýndi fyrst í Listamannaskálanum árið 1947. Hann hefur haldið margar einkasýningar og samsýningar heima og erlendis. Þá hefur hann unnið við ýmis konar hönnun og myndskreytingar, og hann kenndi í meira en aldarfjórðung við Myndlistar- og handíðaskóla Íslands.

Sýning Kjartans Guðmundssonar er opin til og með 28. ágúst.

– thelma@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Ræstingar

Hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ er nú laus 100% afleysingastaða (vaktavinna) í ræstingu til 1. febrúar 2005 og 80% staða (vinnutími frá kl. 15) við ræstingu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi HSÍ. Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað er ráðið hefur verið í starfið.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún Kristjánsdóttir, ræstingarstjóri í síma 450 4500.

Skapandi og jarðbundinn nákvæmnismaður

Viðtal við Rúnar Þórisson tónlistarmann og einn stofnenda hljómsveitarinnar Grafík

Tónlistarlíf stendur traustum fótum á Ísafirði. Þar hafa alist upp margir góðir á sviði klassískrar tónlistar. Tónlistarskólann á Ísafirði hafa allir heyrt nefndan. Í gegnum árin höfum við Ísfirðingar líka getið okkur gott orð í því sem stundum er kallað alþýðutónlist. Hér hafa löngum verið góðir jazzgeggjarar og hér hafa ávallt verið starfandi góðar hljómsveitir sem leikið hafa fyrir dansi. Hróður sumra þeirra barst um landið. Lengi voru BG og Ingibjörg þar fremst í flokki. Þau fylltu öll stærstu danshús landsins og sagt var að vinsælustu hljómsveitir landsins hefðu fylgst í laumi með ferðum þeirra um landið til þess að tryggja að dansleikir þeirra rækjust ekki á við þessa líflegu Ísfirðinga. Messufall hefur aldrei verið gott hlutskipti. Því síður þegar það verður vegna hljómsveitar sem kemur utan af landi.

Það var ekki algengt hér áður fyrr, að utanbæjarmenn lékju með hljómsveitum á Ísafirði. Það vakti því óneitanlega athygli þegar í bæinn flutti ungur og frískur maður sem sagt var að ætlaði að spila með ÝR. Hvað hefðum við nú að gera með utanbæjarmann til þess að leika á gítar hjá okkur? Var nú ekki nóg til af þeim hér? En honum tókst á skömmum tíma að vinna hug heimamanna. Seinna vann hann hjarta eins þeirra af kvenkyni. Nú áratugum seinna telja eflaust flestir landsmenn hann hreinræktaðan Vestfirðing og halda að hann hafi átt hér heima alla sína ævi.

Rúnar Þórisson tónlistarmaður kom á dögunum vestur til þess að fylgja vini sínum Rafni Jónssyni síðasta spölinn. Hann lék einnig á afmælistónleikum með hljómsveit þeirra félaga, Grafík. Rúnar féllst á að ræða feril sinn í stuttu spjalli. Ég ræddi fyrst þá staðreynd að flestir telja hann Vestfirðing.

– Nú hefur þú lengi verið spyrtur með Vestfirðingum eftir veru þína í Grafík. Þú ert samt ekki Vestfirðingur að upplagi.

„ Það er rétt en mér finnst það ekki slæmt að vera talinn með Vestfirðingum. Hreint ekki. En ég er fæddur í Hafnarfirði og bjó þar meira eða minna fyrstu sex ár ævinnar. Ég er því væntanlega Gaflari. Ég hef hins vegar búið mjög víða um landið. Bjó í Hafnarfirði, á Egilsstöðum, í Sandgerði, Grundarfirði, Kópavogi og Reykjavík. Þannig er ég landshornaflakkari. Pabbi var að vinna á þessum stöðum og auðvitað fluttum við með. Ég á stóra fjölskyldu því við erum sex systkinin. Ég þekkti því hvernig var að búa úti á landi þegar ég flutti hingað vestur.“

– En hvenær byrjaði tónlistarferillinn?

„Fyrsta minningin er að hafa hoppað uppi í rúmi með badmintonspaða og „mæmað“ með Bítlunum. Fyrsta hljómsveitin sem ég var í hét Gosar en í henni kunni enginn á hljóðfæri. Það var fyrst og fremst ímyndin sem menn sóttust eftir, það að vera í hljómsveit og vera hljómsveitartöffari. Um tíu ára aldur fékk ég svo gítar í jólagjöf frá foreldrum mínum sem bæði spiluðu á gítar og síðan má segja að ég hafi verið með gítar í hendi. Fljótlega eftir það stofnaði ég ásamt vinum mínum hljómsveitir sem báru nöfn eins og Tóm og Helfró. Með mér í þessu brölti var Jóhann bróðir minn sem er ári yngri. Hann var með mér í hljómsveitum lengi framan af, geysilega góður basssaleikari. Fyrsta alvöruhljómsveitin okkar var trúlega hljómsveitin Dögg.“

Tónlistin tekur völdin

– Tók tónlistin fljótt völdin í þínu lífi?

„Það má segja það. Ég hætti í skóla, meðal annars til þess að geta einbeitt mér að tónlistinni, og fór að vinna til að geta keypt gítargræjur. Ég tók mér sjö ára hlé frá námi, spilaði og vann á hinum og þessum stöðum. Ég var í skurðum að moka sandi og sprengja klappir en síðar fór ég að vinna í hljómplötudeild Fálkans og Hljóðfæraverslun Sigríðar Helga. Á þessum tíma spilaði Dögg mikið fyrir Kanann á Kefavíkurflugvelli sem var mikil upplifun. Við spiluðum einnig oft í Tónabæ sem þá var aðalstaðurinn fyrir hljómsveitir að leika á.“

– Það voru nú nokkrir menn í Dögg sem seinna urðu frægir, ekki satt?

„Frægir og ekki frægir, auk okkar bræðra voru í hljómsveitinni Ólafur Helgason trommuleikari, Nikulás Róbertsson hljómborðsleikari, Páll Pálsson rithöfundur sem var söngvari og Kjartan Eggertsson sem seinna starfaði víða sem tónlistarskólastjóri. Dögg varð aldrei eins fræg og Júdas, Brimkló og fleiri hljómsveitir. Við vorum kannski, eins og segja má, í annarri deild en vöktum nokkra athygli. Við tókum upp tvö lög sem komu út á safnplötu hjá Steinari Berg undir nafninu „Í kreppu“. Annað lagið var eftir mig og Pál en hitt var erlent. Þetta var fyrsta reynsla mín af hljóðversvinnu. Við spiluðum kántrírokk í anda Brimklóar en seinna fönkrokk í anda Júdasar þannig að segja má að við höfum elt þá stóru.“

„Þegar Dögg leystist upp í þessari mynd stofnaði ég hljómsveitina Dínamít ásamt Herberti Guðmunds. Árið 1975 var mér svo boðið að taka sæti í hljómsveitinni Haukum. Við byrjuðum á balli um verslunarmannahelgina í Árnesi þar sem saman voru komnar þúsundir manna. Hljómsveitin Haukar undir stjórn Gunnlaugs Melsted var mjög þekkt á þessum tíma. Af hverju Gulli bauð mér í hljómsveitina veit ég ekki. Hins vegar var ekki hægt að neita svona tilboði því meðal manna í henni var Magnús Kjartansson sem ég hafði alla tíð litið mjög upp til. Þessi hljómsveit var þekkt sem mikil gleðisveit og það var töluvert líf í kringum hana. Gulli var ágætis söngvari og mikill stuðbolti. Hans meginstyrkur fólst í miklum krafti sem rekstrarmaður. Þarna var ég í nokkra mánuði.“

Rabbi

„Þegar ég kem á mína fyrstu æfingu hitti ég trommara að vestan sem hét Rafn Jónsson. Hann hafði ég ekki séð fyrr. Hann hafði þá spilað inn á hljómplötu með hljómsveitinni Ýr. Ég hafði tekið eftir þeirri plötu og fannst hún góð. Eftir þessa fyrstu æfingu löbbuðum við Rabbi saman niður í bæ og eftir það tókst með okkur vinátta sem stóð þar til yfir lauk. Ég sá fljótt hversu góðan mann Rabbi hafði að geyma.“

– Voruð þið líkir menn, þú og Rabbi?

„Nei og já. Við vorum báðir frekar rólyndir menn. Rabbi var geysilega hugmyndaríkur, gefandi og skapandi persónuleiki. Ég er það líka býst ég við en Rabbi var meira „spont-

Rúnar ásamt Helga Björnssyni og Haraldi Þorsteinssyni á tónleikum Grafíkur sem haldinn var í síðasta mánuði til að minnast 20 ára útgáfuafmæli plötunnar „Get ég tekið cjéns.“

ant“ og ég kannski meiri nákvæmnismaður. Rabbi var ofboðslega fljótur að fá hugmyndir. Sem dæmi má nefna að hann fékk kannski hugmynd sem ég tók síðan og velti fyrir mér í nokkra daga. Ég nefndi hana síðan við hann nokkrum dögum seinna, mér litist vel á hana og að við skyldum hrinda henni í framkvæmd. Þá kom fyrir að hann vissi ekki um hvað ég var að tala, því að hann hafði fengið nýja hugmynd á meðan ég var að íhuga þá eldri. Hann var snöggur að hugsa, hafði forystuhæfileika og kom ótrúlega mörgu í verk. Á milli okkar var alltaf lifandi neisti og gagnkvæm virðing. Það að kynnast honum og skapa það saman sem við gerðum styrkti sjálfsmynd mína verulega.“

– Þegar maður horfir á ykkar samstarf, þá finnst manni alltaf að hann hafi verið á frontinum en þú meira á bak við?

„Já, það er rétt. Rabbi var mun opnari persónuleiki en ég. Í upphafi okkar kynna togaði hann út úr mér orðin. Ég er efahyggjumaður og gef mig ekki strax. Hann átti mjög auðvelt með að umgangast fólk og það færði hann auðvitað framar í okkar samstarfi. Auk þess má segja að í mér persónulega togaðist lengi á, annarsvegar það að vernda friðhelgi einkalífsins og hinsvegar hégómagirndin, það er að segja að vera áberandi út á við. Í dag hef ég enga sérstaka þörf fyrir að trana mér fram en þykir ekki verra að verk mín geri það ef svo ber undir.“

Haldið vestur

– Þegar samstarfi ykkar í Haukum lýkur, þá reynir Rabbi að fá þig vestur í spilamennsku...

„Já, um áramótin 1975-76 reyndi ég í nokkra daga að komast vestur en það tókst ekki þar sem það var alltaf ófært í flugi. Úr þessu varð ekki að sinni þar sem ég gekk í hljómsveitina Paradís. Þar spilaði ég í nokkra mánuði, meðal annars með Björgvini Gíslasyni gítarleikara og Pétri Kristjánssyni söngvara. En um páskana 1976 kem ég vestur og spila með Ýr. Í maí flyt ég svo vestur. Þá fór ég landveginn á Volkswagen bjöllu og var sautján tíma á leiðinni. Það var ótrúlegt basl á leiðinni og það fór allt úrskeiðis sem hugsast gat. Þegar ég horfi til ófærðarinnar um jólin og þessa basls, þá dettur mér í hug að almættið hafi viljað láta mig hafa fyrir því að komast vestur. Það var mikil hugljómun fyrir mig að koma vestur. Ég segi að þá hafi ég byrjað nýtt líf. Það var fólkið, umhverfið og tónlistarmennirnir sem hafði þessi góðu áhrif á mig.“

– Voru hér góðir popptónlistarmenn á þessum tíma?

„Já, það er engin spurning. Reynir, Rabbi, Örn og Vilberg, svo ég nefni einhverja. Þeir stóðu því besta fyllilega á sporði. Ég spilaði með Ýr til að byrja með, sem á þessum tíma spilaði mjög metnaðarfulla tónlist. Við vorum að reyna að sameina það að spila metnaðarfulla tónlist og sem hefði líka skemmtanagildi fyrir fólk. Það er þessi eilífa togstreita sem býr í hverjum tónlistarmanni. Oft vorum við með fullt hús en stundum vorum við líka með tómt hús þegar við vorum hvað þyngstir.“

– Er þetta alltaf togstreita, jafnvel þegar menn hafa öðlast vinsældir? Hverfur hún ekki í kjölfar vinsælda? Eru menn bara ekki glaðir með sínar vinsældir þrátt fyrir að tónlistin sé að einhverju leyti ekki eins og menn vildu hafa hana?

„Þetta er auðvitað persónubundið. Hjá mér hefur þessi togstreita alltaf verið til staðar. Sem dæmi má nefna, að þegar við æfðum lagið um Húsið og ég („Mér finnst rigningin góð“), þá var ég ekki sannfærður um að það ætti að koma á plötu. Ég ræddi það við Rabba og Helga að mér fyndist það of létt. Þarna var togstreitan komin í öllu sínu veldi. Lagið varð síðan feikivinsælt og kannski má segja að við höfum með okkar þriðju plötu hjá Grafík tekist að sameinast um þessa tvo hluti. Rúnar Helgi Vignisson mágur minn orðaði það svo skemmtilega, að við hefðum neitað að festast í trúboðsstellingu poppsins.“

Leikarinn og söngvarinn

– Þegar Grafík nær alvöruvinsældum, þá er Helgi Björnsson farinn að syngja með ykkur. Hvers vegna varð hann fyrir valinu, lítt þekktur leikari?

„Ég veit það nú varla. Þetta var hugmynd Rabba og ég samþykkti hana. Rabbi hafði gott innsæi og það kom best í ljós með þessari hugmynd. Helgi sló til og hann var snöggur að tileinka sér það sem til þurfti. Hann er frjór, hugmyndaríkur og kraftmikill persónuleiki og kannski þurftum við rólyndismennirnir á þessum krafti hans að halda. Ég hef því aldrei efast um þessa ákvörðun okkar Rabba.“

– Nú hlýtur að verða mjög mikil breyting á ykkar högum þegar þið öðlist frægð með þriðju plötu ykkar, ásamt því að Helgi verður bæði þekktur sem söngvari og leikari.

„Já, þetta var mikil breyting. Helgi er svo djarfur og áberandi persónuleiki að hann dró mikla athygli að hljómsveitinni. Á sama tíma vorum við að ná ákveðnu jafnvægi í tónlistinni. Þetta hjálpaðist því allt að og við náðum mjög góðum árangri.“

– Í bók dr. Gunna um poppið var sagt að þið Rabbi hafið ákveðið að slíta samstarfinu við Helga af því að hann hafi verið orðinn of fyrirferðarmikill. Er það rétt?

„Að hluta til. Þegar menn eiga í samstarfi þarf að gæta ákveðins jafnvægis. Þó að þetta samstarf okkar hafi verið mjög farsælt þá var á ákveðnum tímapunkti svo komið að okkur Rabba fannst við þurfa meira andrými og í framhaldinu ákváðum við að stokka bandið upp. Auðvitað er alltaf erfitt og sárt að slíta samstarfi, sérstaklega ef um er að ræða mjög árangurríkt samstarf og gott fólk. En við Rabbi vorum alveg samstíga í þessu máli. Nú er alveg gróið um heilt og ég hef átt góð samskipti og gott samstarf við Helga síðan, ekki síst núna undanfarið.“

– Þetta var nú óneitanlega mjög djörf ákvörðun. Í stað Helga kom Andrea Gylfadóttir og ekki þekktu hana margir. Þið hafið ekki verið hræddir að taka ákvörðun?

„Jú, það var mjög djörf ákvörðun. Við leituðum í töluverðan tíma að söngvara og prófuðum nokkra sem okkur fannst ekki nægilega góðir. Það var síðan Kolbrún Halldórsdóttir, sem nú er þingmaður, sem benti okkur á Andreu. Um leið og við heyrðum í henni vorum við sannfærðir að hún væri sú rétta. Hún var með sérstakan stíl, litaðan af bakgrunni hennar í óperusöng, og var óneitanlega öðruvísi en flestir aðrir poppsöngvarar.“

– Má ekki segja að þið hafið búið til tvær af skærustu söngstjörnum poppsins á síðustu áratugum síðustu aldar, þau Helga og Andreu?

„Jú, það má orða það þannig. Þau hófu bæði sinn feril í Grafík. Heimir Már Pétursson orðaði það þannig, að Grafík hefði verið uppeldismiðstöð fyrir tónlistarfólk. Ég held að það sé rétt hjá honum. Þau hafa síðan sýnt að þau eru bæði mjög sterkir listamenn þó ólík séu, líka hvað varðar persónuleika og framkomu.“

Tengdasonur Ísafjarðar og dóttir hans

– Aðeins að sjálfum þér. Þið Grafíkmenn eruð á þessum tíma fluttir suður. Þú hafðir með þér mikinn feng héðan?

„Já, einhvern tíma var ég á prenti kallaður tengdasonur Ísafjarðar. Aðdragandi þess að ég kynntist Örnu er eitt dæmið um hvernig Rabbi hafði áhrif á líf mitt. Ég fékk hann með mér til þess að heimsækja Jóhann bróður minn í Oklahoma. Áður en við fórum aftur til Íslands vildi Rabbi að við flygjum til New York því þar var Dedda kærasta Rabba á heimleið úr skólaferðalagi í Florida. Þar sá ég þessa heillandi dóttur Ísafjarðar, hana Örnu sem líka var í skólaferðalagi. Ég spjallaði aðeins við hana þarna og nokkrum vikum síðan vorum við orðin par og höfum verið saman síðan. Þannig að það má segja að þessi áhugi Rabba á að koma við í New York hafi haft mikil áhrif á mitt líf.“

– Er Arna góður gagnrýnandi?

„Ég leita alltaf fyrst til hennar. Hún hlustar bæði á lög og texta og er góður gagnrýnandi. Hún sér nú sjálf eftir því að hafa ekki farið í skóla til Ragnars H. eins og vinkonur hennar. Ég leita æ meira til hennar með gagnrýni og hún er ófeimin að segja sína skoðun og þá legg ég við hlustir.“

– Þá komum við að ávexti sambands ykkar Örnu, henni Láru sem nú er að verða þekktur tónlistarmaður.

„Já, hún hefur allt frá æsku haft mikinn áhuga á tónlist. Ég hef nú kannski ekki beint ýtt henni í tónlistina. Hins vegar er óhjákvæmilegt að það hafi áhrif á börn að vera alin

upp á heimili þar sem mikil tónlist er. Það sama á við um börnin mín Margréti og Þóri sem bæði leika á hljóðfæri. Það hafa allir gott af því að læra eitthvað í tónlist. Síðan leiðir tíminn það í ljós hversu mikill þáttur tónlistin verður í lífi hvers og eins. Þegar Lára byrjaði að semja sín fyrstu lög, þá hjálpaði ég henni, samdi með henni lög og tók þau upp. Hún sýndi það hins vegar mjög fljótt að hún þurfti lítið á mér að halda. Hún fór fljótlega að semja ein og fékk í framhaldi af því samning um útgáfu. Hún hefur stundað söngnám og stefnir nú á nám í háskóla. Í heiminum er til mikið af góðum söngkonum. Það er hins vegar ekki til mikið af góðum söngkonum sem eru auk þess liðtækir hljóðfæraleikarar og einnig góðir lagasmiðir. Allt þetta hefur Lára tileinkað sér og þess vegna tel ég að hún eigi mikla möguleika. Ég hef mikla trú á henni.“

– Er hún sólóisti? Er hún að stefna á frama ein?

„Já og nei, stundum hefur hún hljómsveit með sér en sem stendur er hún fyrst og fremst ein. Þó er hún um þessar mundir að hefja samstarf við unga efnilega stráka sem kalla hljómsveit sína Delphi. Þegar ég ber okkur saman velti ég fyrir mér hvort það sé ekki einmanalegt að vera stundum ein með gítarinn, að vera ekki í þessari hópvinnu sem ég var alltaf í. “

– Eiga krakkar auðveldara með að koma sér á framfæri í dag en þegar þú varst yngri?

„Á margan hátt er þetta auðveldara og þá sérstaklega hvað upptökutæknina varðar. Nú þarf fólk ekki að fórna aleigunni til þess að gera þokkalegar upptökur og það bara heima í tölvunni. Tæknin hefur fleytt okkur áfram. Við vorum að vísu að taka upp sjálfir þegar við fórum af stað með Grafík en með allt annarri tækni og við allt aðrar aðstæður.“

Lífið brotið upp

– Nú er Rabbi genginn og þar er farinn þinn besti vinur og þinn nánasti samstarfsmaður í tónlistinni. Hvernig verður þitt líf án hans?

„Já, það er spurning. Það skapast alltaf ákveðið tómarúm þegar maður misssir náinn ættingja eða vin. Fyrir 10 árum missti ég föður minn og það var eins og rifinn hefði verið af mér annar handleggurinn. Nú var ég að missa besta vinn minn og þá er eins og báðir handleggirnir séu af. Pabbi var mikill vinur minn og Rabbi var eins og bróðir minn. Að missa þann sem manni er kær er ákaflega sárt, maður sættir sig aldrei við það en lærir að lifa við það eins og svo margir hafa sagt sem ganga í gegnum þá reynslu. Áfram tekst maður á við verkefni líðandi stundar. Ég hef verið að kenna samfellt frá því að ég kom heim frá námi í Svíþjóð árið 1993. Ég hef nú ekki spilað að neinu gagni á rafmagnsgítar í ein fimmtán ár fyrir utan tvær plötur sem ég vann með Rabba. Ég hef tekið þá ákvörðun að taka mér frí frá kennslu og er kominn í nám á Bifröst. Þar er ég í mastersnámi í mennta- og menningarstjórnun. Ég var einfaldlega kominn með nóg af kennslu í bili. Kulnun í starfi heitir það á tískumáli. Ég ákvað því að brjóta upp lífið líkt og ég gerði þegar ég kom til Ísafjarðar á sínum tíma. Þetta er leið til þess. Kannski fer ég að kenna aftur. Kannski fer ég að gera eitthvað allt annað. Samt sem áður mun ég alltaf verða tengdur tónlist.

Hljómsveitin Grafík eins og hún varð skipuð á afmælistónleikunum. F.v. Hjörtur Howser, Egill Rafnsson, Rúnar Þórisson, Helgi Björnsson og Haraldur Þorsteinsson.

Grafík hefur aldrei starfað nema með okkur Rabba báða innanborðs. Við vorum ásamt Helga byrjaðir að taka upp grunna að nýjum Grafíklögum. Auk þess var Rabbi með hugmyndir um útgáfu af tónleikunum í Alþýðuhúsinu og endurútgáfur af eldri plötum hljómsveitarinnar. Nú nýlega var endurútgefin platan „Get ég tekið cjens”. Rabbi vildi að öllu sem við höfum gert yrði haldið vel til haga. Nú þegar hann er fallinn frá er það okkar sem eftir stöndum að fylgja því eftir.“

– Verður þá ekki Rúnar Þórisson að standa á eigin fótum tónlistarlega og gefa út sólóplötu?

„Jú, veistu, að þegar við fórum til Abbey Road til að taka upp með Rabba, þá fór ég að hugsa að nú yrði ég að fara að gera eitthvað sjálfur. Undanfarna mánuði hef ég því verið að semja og er byrjaður að taka upp og stefni að því að plata komi út eftir áramót. Ég sem bæði lög og texta. Ég hef legið yfir textunum í vetur. Ætli það megi ekki segja að tónlistin sé svona í líkingu við þyngri kantinn af þeim lögum sem Grafík gaf út. Ég er að hugsa um að hlífa þjóðinni við því að ég syngi lögin og er að velta fyrir mér að fá söngvara af yngri kynslóðinni til liðs við mig. Þá er ég að hugsa um þrjá til fjóra söngvara, Láru mína þar á meðal. Sigtryggur Baldursson Sykurmoli hefur verið að hjálpa mér með trommurnar. Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt enda hefur þetta alltaf verið uppáhaldshlutinn af mínu tónlistarstarfi að semja og vinna í hljóðveri.

Afmælistónleikarnir

– Hvernig var þessi tími frá andláti Rabba og þangað til tónleikarnir voru haldnir hérna fyrir vestan?



„Þetta var mjög sérstakur tími og lærdómsríkur. Tveimur dögum eftir jarðarförina voru tónleikarnir í Alþýðuhúsinu. Allt var þetta mjög skrítið. Það var eins og hann væri með okkur á einhvern hátt. Það var eins og hann væri lifandi látinn, ef hægt er að taka þannig til orða. Þetta var mjög tregablandin gleði. Auðvitað hefðu tónleikarnir verið öðruvísi ef hann hefði lifað þá. Í upphafi var stefnt að því að hann kæmi vestur en það var ljóst nokkrar vikur á undan að hann myndi ekki komast. Í raun hefði hann ekki einu sinni komist á tónleika í Reykjavík. Svo máttfarinn var hann orðinn síðustu vikurnar.

Tónleikarnir voru mjög gefandi upplifun og það eru margir sem við stöndum í mikilli þakkarskuld fyrir að hjálpa til. Þá nefni ég sérstaklega Guðjón Þorsteinsson og hans lið sem stóð sig frábærlega og Steinþór Friðriksson, Dúa. Ég held að þessir tónleikar hafi haft mjög góð áhrif á okkur sem að þeim stóðu og eigi þegar upp er staðið eftir að efla tengsl okkar.

Nokkrum dögum áður en Rabbi dó fór ég einu sinni sem oftar til hans og stóð við rúmið hans. Þetta var síðasta skiptið sem við hittumst á meðan hann lifði. Ég sagði honum að mér fyndist svolítið skrítið að vera að spila með Grafík án hans og spurði hvort að hann væri sáttur við það sjálfur. Samband okkar var það sterkt að mjög erfitt var að hugsa sér að æfa með Grafík án hans. Hann sagðist vera sáttur við það og að hann hefði lengi unnið að því að það gæti orðið. Svo horfði hann á mig með sínu einstæða brosi, glotti aðeins og sagði: En hvernig finnst þér það, Rúnar? Ég sagði að mér fyndist æðislegt að að spila þessi lög okkar að nýju á rafmagnsgítarinn. Ég sagði honum jafnframt að ég saknaði hans við trommusettið en að Egill sonur hans stæði sig mjög vel. Þetta tók á mig, ég táraðist en ég veit ekki hvort hann tók eftir því. En ég held að hann hafi verið ánægður með svar mitt.“

Rúnar Þórisson er að brjóta upp líf sitt. Þessi hægláti gítarleikari sem fluttist vestur til þess að auðga líf sitt og annarra er kominn upp í Borgarfjörð í nám. Hann segist þó áfram verða með tónlistina í farteskinu. Það er gott fyrir okkur hin. Mættum við fá meira að heyra? *– Halldór Jónsson.*

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikið uppgert. **Verð 12,0 m.kr.**

Hafraholt 24: 167 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 11,2 m.kr.**

Dalbraut 13: 177 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr.
Verð 10,5 m.kr.

Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Fallegt útsýni. **Verð 15,6 m.kr.**

Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einbýlishús, að hluta uppgert ásamt nýrri viðbyggingu.
Verð 3,5 m.kr.

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótlega.
Verð 3,0 m.kr.

Miðtún 45: 188 m² fallegt raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 14 m.kr.**

Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði.
Verð 16 m.kr.

Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:

Pólgata 5: 181 m² fimm til sex herbergja íbúð í þríbýlishúsi á þremur hæðum með kjallara og þvottahúsi. **Verð 9,0 m.kr.**

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**

Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi.
Verð 2,7 m.kr.

Nuddstofa:

Sólbaðsstofa með dekuraðstöðu, leiguaðstaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði:

Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

Nýjar íbúðir:

Skógarbraut 3 og 3A: Átta nýjar íbúðir til sölu. Stærðir eru frá 94,6 m² og upp í 148,2 m². **Verð er á bílinu 9,5 m.kr. til 14,8 m.kr. Ný og hagstæð lán frá Íbúðalánasjóði fylgja með.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Vel heppnað Stones kvöld á Vagninum

Á föstudagskvöld var haldið skemmtikvöld á Vagninum á Flateyri til heiðurs bresku rokksveitinni The Rolling Stones. Hljómsveitin Mae West sá um flutning laga úr smiðju Stones manna og þótti standa sig með eindæmum vel.

„Þetta heppnaðist mjög vel. Aðsóknin var góð, en ég átti ekki von á því að mikið af fólki yrði í bænum. Það komu um 150 manns, þó ekki hafi allir verið inni á sama tíma“, segir Kristinn Níelsson, hljómsveitarstjóri Mae West.

Kynnir kvöldsins var Guðmundur Níelsson, einn mesti aðdáandi Rolling Stones á Vestfjörðum og þó víðar væri leitað. Páll Önundarson var á staðnum og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.

Vélsmiðjan Þristur á Ísafirði

Kaupir verslun Straums

Gengið hefur verið frá samningum um sölu á verslunarrekstri Straums hf. á Ísafirði til Vélsmiðjunnar Þrists ehf. Nýir eigendur tóku við rekstrinum á þriðjudag en formlega opnun er í dag.

Fyrst um sinn verður verslunin rekin á sama stað þ.e. að Silfurgötu 5 og er ætlunin að halda svipuðu vöruúrvali og verið hefur. Tilgangurinn með kaupunum er að styrkja enn frekar vöruúrvalið og efla verslun með gjafavörur.

Innan tíðar verður verslunin síðan flutt að Sindragötu 8, þar sem verslun Þrists ehf., er til húsa.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heldur kynningarfund á Ísafirði

Ný rannsóknastofa Rf opnuð

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (RF) heldur kynningarfund á Ísafirði eftir rétta viku. Fundurinn ber yfirskriftina „Þorskeldi – verðmætasköpun í norðri“ og verður rannsóknastofa RF opnuð formlega á fundinum. „Sem kunnugt er hefur RF rekið þjónustuútibú á Ísafirði í mörg ár en hefur nú lagt niður þjónustuþáttinn og hefur einkafyrirtæki tekið við þeim þjónustumælingum sem RF sinnti þar áður. Í staðinn mun RF opna rannsóknastofu á Ísafirði og hefur dr. Þorleifur Ágústsson verið ráðinn til að veita rannsóknastofunni forstöðu“, segir í tilkynningu frá RF.

„Þorleifur lauk doktorsnámi í fiskalífeðlisfræði frá Gautaborgarháskóla árið 2001, starfaði um þriggja ára skeið hjá Íslenskri erfðagreiningu og Rannsóknastofnun landbúnaðarins áður en hann gekk til liðs við RF. Ráðning dr. Þorleifs endurspeglar þann vaxandi áhuga sem nú er á þorskeldi á Vestfjörðum, enda eru óvíða hentugri aðstæður til þessarar atvinnugreinar hér á landi. RF telur mikilvægt að vera í sem nánustum tengslum við fiskiðnað í hverjum landshluta og vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi við Vestfirðinga.“

„Eins og þeir vita sem til þekkja er fiskeldi vandasöm atvinnugrein þar sem sífellt er leitað leiða til að auka arðsemi og draga jafnframt úr þeim hættum sem að henni steðjar, hvort sem er af náttúru- eða mannavöldum. Má í þessu sambandi nefna það áfall sem kadmínmengun olli nýlega í kræklingarækt í Arnarfirði og einnig nýlegrar umræðu í Noregi um meinta illa meðferð á þorski til áframeldis. Slíkum áföllum og umræðu verður einungis mætt með aðgerðum og rökum, sem byggjast á traustum og markvissum rannsóknum.“

„Á fundinum á Ísafirði mun sjávarútvegsráðherra flytja ávarp en síðan munu ýmsir innlendir og erlendir sérfræðingar fjalla um stöðu og framtíðarhorfur í fiskeldi, einkum í þorskeldi. Fundurinn verður haldinn í húsnæði Þróunarsetur Vestfjarða, en þar verður rannsóknastofa RF til húsa. Fundurinn verður haldinn á ensku og er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir“, segir í tilkynningunni.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Starf í eldhúsi

Laust er starf í eldhúsi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Um er að ræða full starf í vaktavinnu til frambúðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi HSÍ. Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað er ráðið hefur verið í störfin.

Umsóknarfrestur er til 13. ágúst 2004.

Frekari upplýsingar gefur Birgir Jónsson, yfirmatráðsmaður í vs. 450 4560.

Smáauglýsingar

Vegna flutninga er til sölu ársgamalt 16" Trek barnahjól fyrir 4-6 ára. Verð kr. 10 þúsund. Á sama stað er til sölu ferkantað sófaborð frá Miru, aðeins 2ja ára gamalt. Verð kr. 15 þúsund. Uppl. gefa Guðný eða Örn í síma 456 4114.

Hlíðarvegspúkar og aðrir bæjarpúkar! Laugardaginn 7. ágúst kl. 17:00 verður hið vinsæla Hlíðarvegspúkapartý sett. Hittumst hress og kát að vanda.

Sl. miðvikudag tapaðist forláta sinnhúfa með bjórfeldi í miðbæ Ísafjarðar. Finnandi er vinsamlegast beðinn að hafa samband í síma 456 3040.

Fjögurra manna fjölskylda sem er að flytjast til Ísafjarðar í haust óskar eftir að taka á leigu 4-5 herb. íbúð (raðhús eða einbýlishús) frá og með september eða október. Vinsamlegast hafið samband í tölvupósti: gunnharpa@telus.net eða í síma 553 2113.

Vantar ódýra þvottavél. Uppl. í síma 696 6699.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 97, ekinn 149 þús. km. Ásett verð kr. 890 þús. Áhvílandi er kr. 275 þús., afborgun 13 þús. á mánuði. Upplýsingar í síma 434 7807.

Til leigu er 100m², 3ja herbergja íbúð á eyrinni á Ísafirði. Möguleiki er á fjórða herberginu. Uppl. í síma 456 3357 eða 847 8523.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Afmæli

Sigríður Sigurgeirsdóttir frá Súðavík verður **80 ára** þann 12. ágúst. Af því tilefni ætlar hún að taka á móti ættingjum og vinum að Túngötu 18 í Súðavík, sunnudaginn 8. ágúst, eftir kl. 16.

Vegagerðin á Vestfjörðum

Ráðgerir að ganga frá 128 námum í fjórðungnum

Vegagerðin ráðgerir að ganga frá 128 námum sem stofnunin hefur notað til efnistöku á Vestfjörðum á næstu 14 árum, frá 2004-2018, að því er fram kemur í langtímaáætlun um námufrágang sem nýverið var birt.

Fram kemur að hingað til hafi þurft að fjármagna fráganga á námum af viðhaldsfé eða öðrum liðum umdæmisskrifstofanna en Vegagerðin hafi markað þá stefnu að námufrágangi verði fundinn sérstakur liður á samgönguáætlun og sé langtímaáætlunin hluti af þeirri vinnu.

Áætlunin nær til 880 náma um allt land, þar af eru 461 á norðvestursvæði og 128 á Vestfjörðum eins og áður sagði. Þá kemur fram í skýrslunni að áfram verði margar námur í notkun enda séu næg verkefni framundan í uppbyggingu vegakerfisins.



Námurnar eru víðsvegar á Vestfjörðum. Mynd: Vegagerðin.

Listasumar í Súðavík hófst í dag

Fjölbreytt dagskrá landsþekktra skemmtikrafta

Fjölbreytt dagskrá, m.a. með landsþekktum skemmtikröftum, verður á Listasumri í Súðavík sem hófst í dag í sjötta sinn og lýkur á sunnudag . Listasumarið verður formlega sett í félagsheimilinu í Súðavík kl. 20 í kvöld. Strax að setningu lokinni verður boðið upp á einþáttung með leikurum úr röðum heimamanna. Á föstudag mun m.a. Árni Johnsen leiða brekkusöng við varðeld á Langeyri og haldnir verða tónleikar með tríóinu Bardukha í íþróttahúsinu, þar sem þekktir tónlistarmenn spila framandi tónlist.

Á laugardag heldur fjörið áfram og verður m.a. haldin „amazing race"-fjölskyldukeppni, minigolf- og kraftakeppni um daginn en um kvöldið verður tónlistardagskrá í íþróttahúsinu þar sem m.a. koma fram Mugison og Brynhildur Guðjónsdóttir í hlutverki Edith Piaf. Því næst taka Milljónamæringarnir og Bjarni Arason við húsinu og leika fyrir dansi.

Á sunnudag munu Lilli klifurmús, Mikki refur og húsamúsin skemmta börnum og fullorðnum á barnaskemmtun ungmennafélagsins Geisla í íþróttahúsinu. Að henni lokinni er Listasumrinu slitið. Dagskrána í heild sinni má nálgast á www.sudavik.is.

Galtarviti

Stöðugur gestagangur í sumar

Galtarviti í Keflavík við Súgandafjörð hefur verið vinsæll áningarstaður hjá listamönnum undanfarin ár og í sumar er engin undantekning þar á. „Það hefur verið stöðugur gestagangur frá því í júní", segir Ólafur Jónasson, kvikmyndagerðarmaður og eigandi Galtarvita. Meirihluti gestanna er úr listageiranum, þ.á m. dvaldi Sindri Freysson, rithöfundur, í vitanum um tíma en hann er að skrifa bók um staðinn. Í síðustu viku kom þýsk listakona sem mun dvelja í vitanum fram í miðjan ágúst. „Það hafa fleiri komið í Galtarvita í sumar en nýtingin er þó svipuð og í fyrra þar sem gestirnir dvelja styttri tíma í einu", sagði Ólafur.

– thelma@bb.is

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur semja við Gámaþjónustu Vestfjarða

Öll sorphirða til Gámaþjónustunnar

„Með þessu fyrirkomulagi munu sveitarfélögin verða meðal þeirra fremstu á landinu hvað varðar endurnýtingarhlutfall sorps, og uppfylla ströngustu fyrirsjáanlegu kröfur um endurnýtingu", segir Ragnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustu Vestfjarða um nýtt fyrirkomulag sorphirðu í Vesturbyggð og á Tálknafirði. Nýverið sömdu sveitarfélögin við Gámaþjónustuna sem mun annast alla sorphirðu í sveitarfélögunum, bæði frá heimilum og gámasvæðum sem komið verður upp.

Heildverslunin Hringtorg ehf. útvegar búnað til verksins þ.e. afturhleðslugáma sem verða settir í sveitirnar, opna gáma á gámastæðin og öfluga pressu til að minnka umfangið á sorpinu til flutnings. Allt brennanlegt sorp verður flutt til Ísafjarðar þar sem því er brennt í Funa.

Frá undirskrift samningsins. F.v. Daníel Helgason frá Hringtorgi, Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri Vesturbyggðar, Már Erlingsson sveitarstjóri Tálknafjarðahrepps og Ragnar Kristinsson frá Gámaþjónustu Vestfjarða.

STAKKUR SKRIFAR

Forsetinn settur inn

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Síðasta sunnudag, nánar til tekið hinn 1. ágúst 2004 var Ólafur Ragnar Grímsson settur inn í embætti þriðja sinnið. Mun meira var haft við en oft áður, sannölluð skrautsýning, þar sem mörgum fannst hin enska eiginkona forsetans, Dorrit Moussaieff, bera af í íslenskum skautbúningi. Öðrum fannst ekki við hæfi að hún klæddist skautbúningnum, hún væri ekki Íslendingur. Slíkt er auðvitað firra. Hún er gift forseta Íslands og eðlilegt að hún reyni að nálgast íslenska þjóð, enda hafa konur forsetans verið honum til upplyftingar fremur en hitt í embætti. Það finnst mörgum aðall góðra hjónabanda að makarnir bæti hvern annan upp. Ræða forsetans við innsetninguna var fremur dauf, enda segir Brigir Hermannsson stjórnmálafræðingur að hún hafi verið bitlaus, en aðrir stjórnmálafræðingar segja hana hafa verið vörn fyrir embættið, sem nokkur fjöldi íslenskra kjósenda telur reyndar óþarft og upphafið um of. En það er þarna og á sér stoð í stjórnarskrá. Þriðja kjörtímabilið er hafið og hvað það færir okkur er ekki vitað, núna leggur forsetinn meira upp úr klæðaburði en meðan hann var pólitíkus og mætti í litlitlum jakkafötum við innsetningu forvera síns í embætti 1988.

Tímarnir breytast og mennirnir með segir máltækið, en ætli mennirnir breytist ekki fremur en tímarnir og hver maður er barn síns tíma í einum eða öðrum skilningi. Sagnfræðingar framtíðarinnar hafa gjarnan aðra sýn á atburði, en við sem lifum þá á líðandi stundu. Mikið hefur verið gert úr fjarveru alþingismanna og ráðherra við innsetninguna. Þá má ekki gleyma því, að mikið álag hefur verið á þeim ágætu mönnum í sumar og því eðlilegt að menn sinni nú fjölskyldu og vinum, því enginn veit hvort framundan eru átök um samþykkt lög frá Alþingi eður ei. Tónninn hefur verið slegin og erfitt að stíga til baka. Þrýstingur mun aukast frá ýmsum hópum úti í þjóðfélaginu, að forseti synji lögum staðfestingar. Þrýstihóparnir munu túlka orð forsetans í ræðunni við innsetninguna á þann veg, að með því að segja að forsetinn og aðrir ráðamenn skuli fara eftir því sem almenningur segi, liggi fyrir loforð forsetans um að gera slíkt. Hætt er við því að störf þingmanna reynist erfiðari fyrir vikið og enn minnki áhugi þeirra sem hafa hæfileika og færni til, að leita eftir kjöri til Alþingis. Það er slæm þróun.

Góðærið sem ríkt hefur á Íslandi hefur ekki komið jafnt fram um allt land, því miður eða hvað? En engu að síður hefur ríkt meiri stöðugleiki á Íslandi síðust 13 árin en mjög langan tíma þar á undan. Reyndar ríkti aldrei á síðustu öld svo langt tímabil stöðugleika, sem enn stendur. Ef til vill hefur það gert okkur dofin fyrir því að ekkert varir óbreytt að eilífu, þótt vissulega sé vonað að Alþingi og ríkisstjórn bera gæfu til að halda áfram á sömu braut. Ella kynni það að gerast sem landsbyggðin er að berjast við, að missa burt fólkið, færist á höfuðborgarsvæðið og þeir sem haf hæfileikina, kjarkinn og þorið flytji burt. Við þessu hefur hinn nýinnsetti forseti vara, eins og reyndar margir aðrir. En munu gerðir ráðamanna sýna að þeir hafi skilning á vandamálinu?

Til hamingju með kjörtímabilið forseti Íslands.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 5. ágúst til sunnudags 8. ágúst eða meðan birgðir endast

Hversdagurinn byrjar í Bónus

ÉTT OG GOTT
Tortellini
98 kr. 250g

SMYRILL
98 kr. 400g
SMYRILL BÓNUS

BÓNUS
HELTI KÍLÓ
98 kr.
ÞÆGILEGT BRAUÐ

og helgin líka...

39 kr. 900g

779 kr.
Bajonskinka, svínakótelettur, svínabógur

349 kr.
30% afsláttur

40% afsláttur

779 kr.

59 kr.

39 kr. TOMATER

59 kr. 2 kg

98 kr. 1 lítrinn

98 kr. 750g
BÓNUS Rúsínur

39 kr.

39 kr.

Við bökum líka á betra verði...

98 kr. 250g

15 kr. 85g
Ágætis skyndibiti

ROKUS kattarmatur 400g
39 kr.

39 kr.

SÆNGÞÖ OG FRÉYDTBAÐ
98 kr.

98 kr.

98 kr.

Allt þetta smáa...

Sara sýnir í Listasafni Ísafjarðar

Sara Vilbergsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Listasafni Ísafjarðar í Safnahúsinu á Eyrartúni klukkan fjögur á laugardag. Sýningin er sú þriðja og síðasta í röð sumarsýninga safnsins á verkum ísfirskra listamanna, en áður hafa verk þeirra Guðbjargar Lindar Jónsdóttur og Spessa notið sín í safninu. Sara sýnir verk úr pappamassa og málverk og má segja að persónurnar í málverkum Söru hafi uppgötvað þriðju víddina og stokkið út úr myndunum. Sara hefur unnið að myndlist sinni síðan hún lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Statens kunstakademi í Osló árið 1987. Sýningin í Listasafni Ísafjarðar stendur yfir til loka september. Á meðfylgjandi myndum má sjá tvö verka Söru.



Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Suðaustlæg átt, 3-8 m7s og yfirleitt bjartviðri, en skýjað með köflum og dálítil súld eða rigning við suður- og suðvesturströndina. Hiti 12-18 stig, hlýjast norðantil.

Horfur á föstudag: Hæg austlæg átt og skýjað með köflum, en fer að rigna austantil þegar líður á daginn. Hiti 12-20 stig, hlýjast vestanlands.

Horfur á laugardag: Norðlæg eða breytileg átt og víða rigning, en skýjað með köflum og úrkomulítið suðvestanlands. Hægt kólnandi veður.

Horfur á sunnudag: Norðlæg eða breytileg átt og víða rigning, en skýjað með köflum og úrkomulítið suðvestanlands.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Messa á sunnudag kl. 11. Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur.

Spurningin

Hyggst þú taka þátt í heimastjórnarhátíð alþýðunnar á Ísafirði?

Alls svöruðu 272.
Já sögðu 66 eða 24%
Nei sögðu 170 eða 63%
Óvíst sögðu 36 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hátt í hundrað manns mættu í kjötsúpuveislu á Hesteyri

Árleg kjötsúpuferð að Hesteyri í Jökulfjörðum sem farin var á laugardag var vel sótt þetta árið. „Ég flutti 54, en síðan komu þangað bátar með fólk héðan og þaðan. Með húseigendum á Hesteyri hafa líklega verið hátt í 100 manns í súpu", segir Guðrún Kristjánsdóttir, annar eigenda Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar.

„Birna Pálsdóttir eldaði góða súpu að vanda. Bolvíska kjötsúpan klikkar ekki. Vagnssystur héldu síðan uppi söng, gríni og gleði fram eftir kvöldi." Veður var gott á laugardag og segir Guðrún að illa sé hægt að fara kjötsúpuferð nema svo sé. „Kjötsúpan er elduð í læknishúsinu, en mest fer þetta þó fram utandyra." Þorsteinn J. Tómasson tók þar meðfylgjandi myndir.

> RÚV: 6. ágúst kl. 21:35

Hálsfestin

Hálsfestin segir frá ungri hefðarkonu í Frakklandi á árunum fyrir stjórnarbyltinguna sem reynir að bjarga fjölskyldu sinni úr fátækt með því að stela verðmætri hálsfesti. Meðal leikenda eru Hilary Swank (mynd), Jonathan Pryce, Simon Baker, Adrien Brody, Brian Cox, Joely Richardsson og Christopher Walken. Myndin er bönnuð innan 12 ára.

> Stöð 2: 6. ágúst kl. 22:55

Öfgasport í Ölpunum

Öfgasport í Ölpunum er ævintýraleg hasarspennumynd. Kvikmyndatökulið er í Ölpunum en þar að taka upp auglýsingu með þremur ofurhugum. Á sömu slóðum hefst serbneski stríðsglæpamaðurinn Slobodan Pavel við. Fyrir slysni næst hann á mynd og bregst ókvæða við og á kvikmyndatökuliðið fótum sínum fjör að launa: Aðalhlutverk: Devon Sawa.

> Sýn: 8. ágúst kl. 13:30

Arsenal – Manchester United

Leikir Arsenal og Manchester United vekja jafnan mikla eftirtekt og víst er að margir bíða spenntir eftir viðureign þeirra um Samfélagsskjöldinn sem verður í beinni útsendingu Sýnar. Arsenal var óstöðvandi í úrvalsdeildinni í fyrra á meðan Manchester United hrundi gjörsamlega síðari hluta keppnistímabilsins. Liðin mæta nú öflug til leiks og ætla sér stóra hluti.

Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins

Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins á Ísafirði lá við festar á Skutulsfirði á þriðjudag. Skipið ber nafnið Prinsedam og voru 800 farþegar um borð. Sama dag lagðist að bryggju skemmtiferðaskipið Funchal sem tekur 500 farþega, og voru því um 1300 farþegar skipanna á Ísafirði fram eftir þriðjudegi. Prinsedam er frá Hollandi og er rúm 38 þúsund tonn. Það er stærsta skemmtiferðaskipið sem komið hefur til Ísafjarðar síðustu ár, en árið 2000 kom breska skemmtiferðaskipið MV Royal Princess til Ísafjarðar en það er 44 þúsund tonn. – *thelma@bb.is*

Prinsedam við festar á Skutulsfirði. Eins og sjá má er skipið engin smásmíði.

Illa unnir bæklingar

Töluvert vantar upp á að upplýsingar í ferðabæklingi sem gefin var út í sumar um Vestfirði væru réttar. Bæjarráð Vesturbyggðar tók málið fyrir á fundi og telur bæjarráð að töluvert vanti upp á að þær upplýsingar um suðursvæði Vestfjarða sem fram koma í nýútgefnum kynningarbæklingi séu rétt uppfærðar og vel unnar. Virðist ýmist vanta upplýsingar eða þær í mikilvægum þáttum rangar. Bæjarstjóra var falið að fá send eintök af kynningarefninu og fá Ferðamálafélagi V-Barðastrandasýslu til yfirferðar og umsagnar.

Mánuði á undan áætlun

Endurlögn Djúpvegar frá Kambnesi og inn í Álftafjarðarbotn, um Sjötúnahlíð, er tæpum mánuði á undan áætlun, að sögn Sævars Óla Hjörvarssonar hjá verktakafyrirtækinu K.N.H. „Við lukum við að leggja fyrra slitlagið fyrir rúmri viku og seinna lagið var svo sett á eftir verslunarmannahelgina“. Verklok voru áætluð 1. september en framkvæmdirnar hófust í fyrrahaust. Um var að ræða endurbyggingu og lagningu bundins slitlags á 8 km vegarkafla.

Ánægðir með sumarið

„Það hefur verið meira og minna fullt í flug á hverjum fimmtudegi og föstudegi í sumar“, segir Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafjarðarflugvelli, og bætir við að almennt hafi bókanir í flug verið með besta móti það sem af er sumri.

Afmæli

Guðrún Valgeirsdóttir, Sundstræti 34 á Ísafirði verður **sjötug** miðvikudaginn 11. ágúst nk. Hún og börnin hennar og ættingjar og vinir koma saman á Hótel Ísafirði nk. laugardag, 7. ágúst, frá kl. 15-18 og fagna þessum tímamótum.

Einbýlishús til sölu

Til sölu er húseignin að Tangagötu 17 á Ísafirði sem er 210m² einbýlishús á eyrinni.

Upplýsingar gefa Massi eða Margrét í símum 894 6850, 892 3002 eða 456 3002.

Hlynur Þór sýnir ljóð

Sýning á ljóðum Hlyns Þórs Magnússonar á Ísafirði, sem titlar sig skrifara, verður opnuð í Norska húsinu í Stykkishólmi á laugardag. Samsýningu Hlyns Þórs og Péturs Tryggva silfursmiðs í Edinborg á Ísafirði sem ber heitið Silfurljóð á Ísafirði lauk sl. laugardag. Á sýningunni í Stykkishólmi verða ljóð Hlyns hins vegar ein síns liðs.

Sýning þeirra Péturs Tryggva og Hlyns í Edinborgarhúsinu fékk góða aðsókn. Athygli hefur vakið hvernig ljóðunum er stillt upp eins og hverjum öðrum listaverkum á sýningu, þótt aðferðin sé ekki óþekkt. Aldís Sigurðardóttir, forstöðumaður Norska hússins í Stykkishólmi, var á ferð á Ísafirði í þar síðustu viku og hreifst af sýningunni í Edinborgarhúsinu og leitaði eftir því við Hlyn Þór að hann sýndi verk sín í Norska húsinu. „Þetta er mjög skemmtileg miðlun að geta gengið um á milli ljóðanna“, segir Aldís.

Norska húsið sem Árni Ó. Thorlacius kaupmaður og bókmenntafrömuður í Stykkishólmi lét reisa árið 1828 hýsir byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. – *kristinn@bb.is*

Sælkeri vikunnar

er Ómar Már Jónsson í Súðavík

Rækjuréttir frá Súðavík

Það er sannkallað rækjuþema hjá sælkera vikunnar að þessu sinni en boðið er uppá girnilega rækjusúpu og framandi rækjurétt. Bæði mild súpan og vel kryddaður rétturinn lofar góðu, ekki síst nú er daginn fer að stytta og haustið óðum að nálgast. Súpuna segir Ómar að nota megi sem forrétt eða aðalrétt með heitu smábrauði og réttinn fari vel að hafa hrísgrjón, salat og ef til vill heit smábrauð.

Rækjusúpa fyrir 6 - 8 manns

100 g smjörlíki
2 dl hveiti
½ tsk hvítlaukssalt
1,5 stk Knorr fiskikraftteningar
350 g meðalstór soðin og pilluð rækja
1,5 l mjólk
½ l rjómi

Smjörlíkið er brætt við vægan hita, og hveitinu hrært út í og þannig mynduð lin bolla. Mjólkinni, rjómanum, hvítlaukssalti og fiskikraftinum bætt saman við og soðið í 3-5 mín. Áður en súpan er borin fram er rækjunni bætt í.

Rækjuréttur

1½ kg stór soðin og pilluð rækja
400 g sveppir, nýir
2½ dl rjómi
2 dl hvítvín eða mysa
4 msk smjör
4 msk tómatþykkni
3 msk chilisósa
2 msk hveiti
1¼ msk sojasósa
1 tsk karrí
1 tsk paprikuduft
1 tsk bergminta
1 tsk salt
1 tsk basilíka
2 stk laukur
1 stk paprika, grænn stór
1 stk paprika, rauð stór

Byrjið á því að skera paprikurnar í bita, sveppina í sneiðar og saxa laukinn smátt.

Bræðið smjör á pönnu, blandið karríi og paprikudufti saman við og steikið rækjurnar stundarkorn. Takið þær af pönnunni og geymið. Setjið lauk, sveppi og papriku á pönnuna og látið það malla þar til það er meyrt.

Stráið hveiti á pönnuna, hellið síðan á hana hvítvíni (eða mysu) og rjóma og hrærið stöðugt í á meðan. Bætið við því sem eftir er og látið það malla við meðalhita uns það er mátulega þykkt. Notið kryddið eins og hæfa þykir. Setjið rækjurnar út í sósuna rétt áður en á að bera þær fram.

Ég skora á Önnu Lind Ragnarsdóttir í Súðavík til að töfra fram það besta úr sínum matreiðslubókum í næstu viku.

> Stöð 2: 7. ágúst kl. 21:20

Spennutryllirinn Narc



Fíknó eða Narc segir frá Nick Tellis sem var rekinn úr lögreglunni þegar skotárás fór úr böndunum og ófrísk kona lést. Hann er kallaður til starfa á nýjan leik þegar yfirboðarar hans eru ráðþrota í morðmáli. Fórnarlambið er lögreglumaður í fíkniefnadeildinni. Aðalhlutverk leika Jason Patric (mynd), Ray Liota, Dan Leis og Lloyd Adams.

Tveir karlmenn á fertugsaldri stöðvaðir í Mjóafirði

Grunaður um ölvun við akstur og meðferð fíkniefna

Rétt fyrir kl. 22:00 á fimmtudagskvöld stöðvaði lögreglan á Ísafirði akstur ökumanns sem grunaður er um að hafa verið ölvaður í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi.

Ökumaðurinn og farþegi í bifreiðinni, karlmenn á fertugsaldri, voru handteknir og færðir á lögreglustöðina á Ísafirði. Þeir voru að koma akandi frá Reykjavík og hugðust fara til Ísafjarðar.

Við leit í bifreiðinni, við komuna til Ísafjarðar, fann lögreglan lítilræði af kannabisefnum, n.t.t. hass og áhald sem greinilega hafði verið notað til kannabisreykinga. Báðir hafa mennirnir komið við sögu lögreglunnar áður m.a. vegna fíkniefnamála.

– *bb@bb.is*

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

Rennismiðurinn Steingrímur Einarsson á Ísafirði

Hannar og smíðar veiðihjól frá grunni

Rennismiðurinn og fiskeldisfræðingurinn Steingrímur Einarsson, hefur í félagi við Jóhann Jónasson og Albert Högnason hjá 3X-Stáli, hannað og smíðað frá grunni fluguveiðihjól. Steingrímur segir veiðihjólið hafa gefið góða raun hingað til, en sjálfur hefur hann veitt ellefu laxa á það í sumar.

Á þriðja tug veiðihjóla þessarar gerðar verða í reynslu hjá veiðimönnum á Íslandi og víðar í sumar og mun Steingrímur nota ábendingar og athugasemdir sem frá þeim berast við lokafrágang tækisins. „Ég geri ráð fyrir því að hjólið fari á innlendan markað strax næsta sumar. Það fer síðan eftir viðtökunum hvort reynt verður að flytja framleiðsluna út“, segir Steingrímur. Sjá nánar viðtal við Steingrím á bls. 4 í blaðinu í dag.

– halfdan@bb.is



Steingrímur Einarsson með veiðihjólið.

Endurnýjun varnargarðs og stækkun öryggissvæðis í bígerð við Ísafjarðarflugvöll

Áætlaður kostnaður er 98 milljónir

Til stendur að endurnýja sjóvarnargarð við flugvöllinn á Ísafirði og stækka öryggissvæði vallarins. Eyrnamerktar hafa verið 28 millj. til verksins og verður jafnvel hægt að bjóða það út að hluta í vetur.

„Gert er ráð fyrir því að rúmar 70 milljónir þurfi til viðbótar, en verkið er á flugmálaáætlun sem lögð hefur verið fyrir alþingi og verður tekin fyrir í haust. Þá kemur betur í ljós hvernig málin þróast“, segir Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi.

Sjóvarnargarður við flugvöllinn þykir því sem næst ónýtur og þarf því að endurnýja hann. Öryggissvæði er ekki nógu breitt og stendur til að stækka það eins og hægt er miðað við landfræðilegar aðstæður. Skipulagsstofnun hefur óskað eftir áliti Ísafjarðarbæjar og e.t.v. fleiri aðila á því hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum eður ei og hefur bæjarráð vísað erindinu til umsagnar hafnarstjórnar og umhverfisnefndar.

– halfdan@bb.is

Ísafjarðarflugvöllur.

Orkubú Vestfjarða hf.

Gjaldskrá hækkar

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hækkar um 2,9% frá og með 1. ágúst næstkomandi. Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að hækkuninni sé ætlað að mæta boðaðri hækkun Landsvirkjunar um sama hlutfall um næstu mánaðarmót, en Orkubúið kaupir um það bil 2/3 þeirrar orku sem fyrirtækið dreifir frá Landsvirkjun.

Síðast hækkaði gjaldskrá Orkubús Vestfjarða í fyrra og þá um 2%. „Á síðustu 12 mánuðum hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,9%, byggingarvísitala um 5,2% og launavísitala um 5,1%“, segir í tilkynningu frá Orkubúinu.

– halfdan@bb.is

Ný númer
Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.
Aðalnúmer 450 3300
Timbursala 450 3302
Fax verslun 450 3301
Fax timbursölu 450 3303
HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is

Greiðendur hæstu gjalda í umdæmi Skattstjórans á Vestfjörðum

Leif Halldórsson skattakóngur Vestfjarða 2004

Leif Halldórsson á Patreksfirði greiðir hæstu gjöld einstaklinga í umdæmi skattstjórans á Vestfjörðum, tæplega 9,5 milljónir króna. Patreksfirðingar eru fyrirferðamiklir í álagningarskránni þetta árið, því í 2. og 3. sæti yfir greiðendur hæstu gjalda eru þeir Jón Björgvin G. Jónsson og Birgir Ingólfsson, báðir til heimilis á Patreksfirði. Í 4. og 5. sæti eru síðan ísfirsku læknarnir, Þorsteinn Jóhannesson og Ólafur Sigmundsson.

Eins og í fyrra greiðir Þórður Júlíusson á Ísafirði hæstan eignaskatt Vestfirðinga, tæpar 1,4 milljónir króna, og sem fyrr deila hjónin Ásgeir Guðbjartsson og Sigríður Brynjólfsdóttir öðru og þriðja sætinu, greiða hvor um sig liðlega 400 þúsund krónur í eignarskatt. Sjá einnig frétt á bls. 3.

– halfdan@bb.is